

Bæjarins besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Miðvikudagur 11. júní 1997 • 23. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Félagsvísindastofnun

Vestfirskar fjölskyldur með hæstu launin

Félagsvísindastofnun hefur birt niðurstöður úr kjarakönnun sem gerð var á síðasta ári. Í könnuninni kemur m.a. fram að fjölskyldutekjur voru hæstar á Vestfjörðum eða 269.000 krónur á mánuði, en meðalfjölskyldutekjur voru 235.000 krónur. Lægstar voru fjölskyldutekjur á Norðurlandi vestra eða 210.000 krónur á mánuði. Fram kemur að fjölskyldutekjur eru mismunandi eftir menntun og hefur háskólamenntað fólk hæstar tekjur en fólk með grunnskólapróf eða enn minni menntun hefur minnstu tekjurnar.

Á Vesturlandi voru atvinnutekjur einstaklinga hæstar eða 176.000 krónur á mánuði en Vestfirðingar komu næstir með 167.000 krónur. Austfirðingar höfðu hins vegar lægstu einstaklingstekjurnar eða 120.000 krónur á mánuði.

Í niðurstöðunum kemur fram að meðalvinnuvika Íslendinga er 51,8 klst. og vinna karlar að meðaltali 55 stundir á viku á meðan konur vinna 46 stundir. Sjómenn vinna lengsta vinnutímann eða 70 stundir á viku og bændur koma þar fast á eftir með 63 stundir á viku.

Þjóðhagsstofnun

Fækkun starfsfólks talin æskileg

Í könnun Þjóðhagsstofnunar á atvinnuástandi í apríl, kemur fram að atvinnurekendur töldu æskilegt að fjölga starfsfólki um 310 manns á landinu öllu. Fjölgunin er öll á höfuðborgarsvæðinu en í apríl í fyrra var talin þörf á að fækka starfsfólki þar um 200 manns og fjölga á landsbyggðinni um sömu tölu.

Núna var aftur á móti talin þörf á að fækka starfsfólki á landsbyggðinni um 20 manns.

Samkvæmt könnuninni var eftirspurn eftir starfsfólki á landsbyggðinni mest í iðnaði og þá sérstaklega í málmiðnaði en starfsfólki í verslun og veitingastarfsemi fækkar

Húsavík

Gamli Fagginn heitir Moby Dick

Gamla Faganesið sem þjónaði Vestfirðingum um árabil með siglingum um Ísafjarðardjúp hefur nú fengið nýtt hlutverk. Húsvíkingurinn Arnar Sigurðsson hefur keypt skipið og látið gera á því

gagngerar endurbætur, en hann ætlar að nota Moby Dick, eins og skipið heitir nú, til hvalaskoðunar frá Húsavík. Djúpbáturinn hf. lét smíða skipið árið 1963 en seldi það til Akraness á síðasta ári.



Starfsmenn Básafells hf. voru glöðir í bragði á mánudagsmorgun þegar vinna hófst að nýju eftir sjö vikna verkfall.

Miðlunartillaga ríkissáttasemjara samþykkt

Sjö vikna löngu verkfalli lokið

Atkvæðagreiðsla um síðari miðlunartillögu ríkissáttasemjara í kjaradeilunni á Vestfjörðum, fór fram á föstudaginn og var samþykkt af báðum deiluaðilum. Þar með er lokið einna harðvítugasta og lengsta verkfalli á

síðari tímum á Íslandi og fóru hjól atvinnulífsins að snúast aftur strax á mánudag.

69,98% félagsmanna í sjö verkalýðsfélögum Alþýðusambands Vestfjarða samþykktu tillöguna en 28,8% sögðu nei. Tillagan var samþykkt af

80,6% aðila Vinnuveitendafélags Vestfjarða og VSÍ, en 19,4% sögðu nei. Hjá Vinnu- málasambandinu samþykkti eitt fyrirtæki tillöguna en tvö skilðu auðu.

Í miðlunartillögunni er gert ráð fyrir styttri samningstíma

en í hinna fyrri eða til 1. febrúar árið 2000 í stað til loka þess sama árs. Eingreiðsla er hækkuð úr 12 í 15 þúsund krónur miðað við fyrri tillöguna og upphafshækkun verður 5,35% í stað 5,2%. Sjá nánar frétt á bls. 2.

Básafell hættir bolfiskvinnslu á Ísafirði

Fyrirhugað að efla rækjuvinnslu félagsins

Básafell hf. hefur ákveðið að hætta rekstri bolfiskvinnslu félagsins á ísafirði um óákveðinn tíma. Í tilkynningu frá félaginu segir að viðvarandi tap hafi verið á bolfiskvinnslunni og að ekki virðist útlit fyrir verulega breytingu á rekstrarforsendum á næstunni. Frystihúsið hefur undanfarin ár

framlétt rúmlega 2000 tonn af frystum afurðum og hafa um 50 starfsmenn unnið að framleiðslunni.

Að sögn forsvarsmanna Básafells er lokunin liður í endurskipulagningu á rekstri fyrirtækisins. Rekstur Kams hf. á Flateyri var sameinaður Básafelli hf. 1. maí s.l. og mun

bolfiskvinnsla fara fram á Flateyri á næstunni. Þar verður einkum lögð áhersla á saltfiskvinnslu og frystingu á flatfiski.

Fyrirhugað er að efla rækjuvinnslu félagsins enn frekar og munu verða til við það ný störf. Ekki mun vera ljóst á þessari stundu hversu mörgum starfsmönnum Básafells hf. þarf að

segja upp við þessa endurskipulagningu en stjórnendur fyrirtækisins vonast til að það liggi fyrir innan skamms.

Því hefur verið vísað á bug af hálfu Básafellsmanna að aðgerðir þessar séu afleiðing verkfallsins.

Blaðsíða 6

Ratsjárstöðin á Bolafjalli heimsótt

Blaðsíða 9

Fimm þúsund gestir á atvinnuvegasýningu

Blaðsíða 12

Afkoma Íshúsfélagsins betri á fyrsta ársfjórðungi

Spurningin

Hvaða þjóðlegu réttir verða í boði í Tjöruhúsinu í sumar?



Áslaug Alfreðsdóttir, hóteltjóri á Hótel Ísafirði:

„Reksturinn á Tjöruhúsinu verður með svipuðu sniði og í fyrra. Veitingarnar verða á eins þjóðlegum nótum og kostur er, flatkökur og hangikjöt, skonsur, kleinur, jólakökur, heitt súkkulaði o.s.frv. Þegar tilefni gefst verður einnig boðið upp á brennivín og hákarl. Neðstakaupstaður er mjög fjölsóttur af ferðamönnum. Sumir koma til að fá sér kaffi, aðrir eru að koma með vini og kunningja í skoðunarferðir og enn aðrir, t.d. útlandingar, sitja oft inni eða fyrir utan í góðu verði og dunda við að skrifa póstkort og þessháttar.“

Ísafjarðarbær auglýsti fyrir skömmu eftir aðilum sem áhuga hefðu á veitingarekstri í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði. Sett var sem skilyrði að á boðstólum yrðu þjóðlegir réttir og að viðkomandi rekstraraðili hefði tilskilin leyfi til veitingareksturs. Menningarnefnd Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að gengið verði til samninga við Hótel Ísafjörð um veitingasöluna.



Pétur Sigurðsson, forseti ASV ásamt verkafólki eftir að niðurstaða í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu ríkissáttasemjara lá fyrir á föstudagskvöld.

Karitas Pálsdóttir og Einar Jónatansson um verkfallslokin

Ákveðinn léttir og feginleikatilfinning

„Það er ákveðinn léttir og feginleikatilfinning sem fylgir í kjölfarið, en samt viss sárindi yfir því að miðlunartillögu þurfti til, til að leysa verkfallið,“ sagði Karitas Pálsdóttir, hjá ASV, aðspurð um hvernig henni væri innanbrjóst að loknu verkfalli. „Þessi vinnudeila hefur sýnt og sannað að kröfur verkafólksins voru réttmætar. Fólk hefur sýnt að samtakamátturinn er fyrir öllu og það var hann sem hélt fólkinu svona lengi á floti í þessari vinnudeilu. Ég held að raunverulega ekkert í miðlunartillögunni sem slíkri hafi valdið því að hún var samþykkt annað en að hún hjó á þann hnút sem deilan var komin í. Menn sáu að mikið lengra verkfall þyrfti að koma til ef meira ætti að nást fram og voru kannski ekki tilbúnir til að ganga þann veg.“

- Karitas var spurð hvort hún héldi að Vestfirðingar hefðu lagt línurnar fyrir næstu

samninga?

„Mér finnst ekki ótrúlegt að menn hugleiði málin vegna þess að við getum ekki haldið áfram á þeirri braut að það skilji endalaust á milli og að það fólk sem þiggur laun eftir þessum töxtum, sitji ævinlega eftir. Launabilið í þjóðfélaginu er orðið slíkt að það er algjörlega óþolandi. Ég hef ekki hitt einn einasta mann sem hefur fundist óraunæmt að fara fram á hækun á þessu lága kaupi. Mér þætti gaman að horfa framan í þann mann sem finnst þetta vera hátt kaup.“

- Heldur þú að fólk mæti til vinnu með jákvæðu hugarfari, eða sitja sárindin eftir?

„Þessum kafla er lokið og menn standa upp, halda ótrauðir áfram og takast á við þau verkefni sem fyrir liggja. Ég hef enga trú á öðru,“ sagði Karitas að lokum.

Einar Jónatansson, formaður Vinnuveitendafélags Vest-

fjarða, sagði aðspurður að menn væru mjög fegnir því að vinnudeilan skuli hafa leysts. Þrátt fyrir að áhrifa af þessari löngu og erfiðu baráttu myndi vafalaust gæta yrðu menn samt sem áður að horfa fram á veginn enda veitti Vestfirðingum ekki af því að standa saman ef halda ætti þessum landshluta í byggð. Hann var spurður um hvað að hans mati hafi valdið því að deilan varð svo harkalega sem raun ber vitni:

„Það er auðvitað ljóst að kröfurnar voru hærra hér en menn komust að niðurstöðu um að þær ættu að vera annars staðar. Því var haldið fram að við værum ekki að bjóða neitt af því að við buðum ekki miklu herra en aðrir höfðu náð fram. Menn horfðu ekki á það að kjaraviðræður höfðu átt sér stað um land allt þar sem niðurstaða hafði fengist fyrir meirihluta launafólks,“ sagði Einar.

- ASV fullyrkti að Vinnuveitendum væri miðstýrt að sunnan?

„Við leitum eftir allri faglegri aðstoð sem gátum fengið og ég held að það hafi ekki skemmt fyrir að fá til liðs við okkur menn sem þekktu til þeirra kjarasamninga sem þegar höfðu verið gerðir. Það má alveg eins setja þetta upp þannig að það hafi tafið fyrir samningagerðinni að þessi vinnubrögð voru ekki viðhöfð á hinum vængnum, en þaðan voru engin tengsl við þá sem höfðu klárað sína kjarasamninga.“

Einar sagði aðspurður um væntanleg áhrif á atvinnulífið vegna verkfallsins, að ekkert

væri hægt að fullyrða um einstök dæmi. Þó væri ljóst að ef vinnurmarkaðurinn á Vestfirðum ætti að vera erfiðari en annars staðar þá gæti slíkt haft áhrif. Ekki mætti gleyma því að unnið hafi verið að því að sameina og styrkja fyrirtæki og til þess þyrfti nýja fjárfesta sem kæmu ekki að málum ef aðstaða fyrirtækja á Vestfirðum væri verri en annars staðar. Einar sagðist vona að fjárfestar kipptu ekki að sér höndum varðandi fjárfestingar á Vestfirðum en því væri ekki að leyna að verkfallið hefði skollid á, á mjög viðkvæmum tíma þegar sum fyrirtæki voru með hlutafjárútböð í gangi.

Lesendur!
Vegna 17. júní kemur næsta tölublað BB út fimmtudaginn 19. júní.

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Magnús Hávarðarson
Netfang:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Höfum við gengið til góðs... Leiðari

...spurði skáldið, Jónas Hallgrímsson, sem í kvæðum sínum hvatti þjóðina til aukins frelsis og framfara, rúmri öld áður en við fögnuðum frelsi, sem sjálfstæð, fullvalda þjóð.

Meðal þingmanna á Alþingi við Óxará 1944, þegar þingmenn kusu fyrsta forseta lýðveldisins, var Ólafur Thors, umdeildur stjórnmalamaður en mikilhæfur leiðtogi.

Í sjónvarpsþætti um Ólaf Thors, sem sýndur var að kvöldi hvítasunnudags, var brugðið upp myndum frá stjórnmalafæri hans. Eitt myndbrotanna sýndi Ólaf við ræðuflutning nokkru eftir stofnun lýðveldisins. Í þeirri ræðu sagði Ólafur m.a.: „Kjörorð hins íslenska lýðveldis er mannhelgi.“

Ástæða er til að staldra við þessi orð. Þau vekja áleitnar spurningar og það er freistandi að velta fyrir sér hver merking þeirra var frá brjósti hins látna stjórnmalaskörungs, tengja hugleiðingarnar því sem nú er að gerast á mörgum helstu sviðum þjóðlífsins og einfaldlega spyrja okkur nokkurra samviskuspurninga. Svo mikið er víst að sú fyrirhöfn rýrir ekki gildi þjóðhátíðardagsins, sem ætlunin er að halda hátíðlegan í næstu viku.

Stúdentar tengjast þjóðhátíðardeginum sterkum böndum þótt

minna fari nú en áður fyrir upphafningu hvítu kollanna þann dag. Við skólaslit Framhaldsskóla Vestfjarða fyrir skömmu sagði Björn Teitsson, skólameistari m.a. í ávarpi sínu til nýstúdentna: „Við lifum líklega á bestu tímum sem runnið hafa upp yfir Íslendinga. Við lifum við betri lífskjör en flestar aðrar þjóðir. Fjölskyldur hér á landi eru yfirleitt býsna vel efnum búnar og gera þrýðilega við börn sín. En það er ekki víst að þetta verði alltaf svona. Best er að gá vel að sér. Nokkrar blíkur eru á lofti. Fólk þarf að mennta sig vel til að auka þekkingu sína og viðsýni, af hvorugu fæst seint nóg. Sumt bendir nú hins vegar til þess að við Íslendingar metum menntun ekki nægilega mikils. Til dæmis virðist íslenskt atvinnulíf ekki borga nógu vel fyrir hana. Þetta þurfa sem flestir að íhuga. Ég vil skora á ykkur að halda á lofti gildi menntunar, hvar sem þið komið.“

Orð skólameistara eru gott veganesti ungu fólki, sem bíður þess að erfa landið og takast á við framtíðina.

Tilvitnað kjörorð lýðveldisins ber aftur á móti að hafa í öndvegi. Menntun dugar skammt ef máttinn til mannhelgi þrýtur. Fari svo er stuft í efasemdir, sem felst í spurningu þjóðskáldsins.

s.h.

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Dansleikir, trúðar, aflrauna-keppni og söngvarakeppni

17. júní er á þriðjudaginn og fer dagskrá dagsins á Ísafirði, Bolungarvík og Hrafnseyri hér á eftir:

Á Ísafirði sér Kjörfuknattleiksfélag Ísafjarðar um skipulagningu dagskrár sem spannar yfir nokkra daga. Dagskráin hefst á laugardaginn kl. 14:00 á Silfurtorgi með torgsölu, körfuboltakeppni 2 á 2, pizzu-átkeppni, Skátaklifri og kassabílagóðakstri. Hlómssveitin Sixties mun koma fram og halda uppi stuðinu. Básar vegna torgsölnunnar eru frír og er fólki bent á að panta bása hjá Guðjóni Þorsteinssyni í síma 456 4853 kl. 15-23.

Sunnudaginn 15. júní fer Kvannahlaup ÍSÍ fram og að kvöldi 16 júní verður 17. júní dansleikir í félagsheimilinu á Suðureyri en þar verður 16 ára aldurstakmark.

Dagskrá 17. júní hefst kl. 10:00 með messu í Ísafjarðarkirkju. Kl. 13:20 verður safnast saman á Silfurtorgi og haldið í skrudgöngu að hátíðarsvæðinu á sjúkrahússtúninu þar sem hátíðin verður sett. Þar verður flutt hátíðarræða, Sunnukórinn syngur og Fjallkonan kemur

fram. Þar verður jafnframt efnt til söngvarakeppni en þátttaka í hana tilkynnist í Gvendi á Eyrinni. Þá verður einnig aflraunakeppni, kökukast, kassabílasýning, koddaslagur, pokahlaup og nokkuð sem kallast „bankað í tunnuna.“ Trúðar munu mæta á svæðið og gefa börnum eitthvað gott. Sýning á verkum Péturs Guðmundssonar verður í Djúpbatnum.

Kl. 21:00 að kvöldi 17. júní hefjast dansleikir í Neðsta-kaupstað. Harmonikkuball verður í Turnhúsinu, Djass-hljómssveit mun leika í Tjöruhúsinu og Sægreifarnir munu halda uppi brjáluðu stuði á útsvæðinu. Ýmislegt annað verður í boði og verður það auglýst nánar í götuauðglýsingum.

Í Bolungarvík hefst dagskrá 17. júní með víðavangshlaupi frá sparísjóðnum kl. 10:00. Kl. 13:30 verður safnast saman við skólann og hlýtt á lúðrasveit áður en gengið verður í skrudgöngu upp á Skeiði þar sem hátíðin verður sett. Þar mun Fjallkonan koma fram, kirkjukórinn syngur, sýndur verður

dans og verðlaun verða afhent fyrir víðavangshlaupið. Þar verðu einnig farið í leiki, flutt verður ræða, kraftakarlar sýna listir sínar og harmonikkuleikarar munu þenja hljóðfæri sín. Kl. 16:30 verður efnt til ratleiks þar sem fjölskyldur munu keppa.

Kl. 20:30 hefst svo útiball þar sem kenndur verður línudans meðal annars.

Á Hrafnseyri hefst hátíðarmessa í Minningarkapellu Jóns Sigurðssonar kl. 14:00. Séra Guðrún Edda Gunnarsdóttir sóknarprestur messar. Kl. 15:00 hefst hátíðardagskrá þar sem Jón Baldvin Hannibalsson flytur ræðu. Boðið verður upp á hljóðfæraleik og mun Kristinn Niésson leika á fiðlu og Illugi Gunnarsson á píanó. Flutt verða ljóð og veitingar verða í boði. Burstabær Jóns Sigurðssonar verður tekinn í notkun og opnaður almenningi til sýnis. Bærinn er hluti af safni Jóns Sigurðssonar og verða veitingar seldar þar í sumar, en safnið verður opið frá 17. júní til 1. september, eins og verið hefur.



Vinnuhópurinn sem þingflokkur framsóknarmanna skipaði í vetur til að skoða stöðu byggðamála, var á ferð um Vestfirði í síðustu viku og þá var þessi mynd tekin.

Framsóknarflokkurinn fundar

Varnarbarátta þingmanna hefur ekki skilað árangri

— segir Gunnlaugur M. Sigmundsson, þingmaður Vestfirðinga

Í síðustu viku var vinnuhópur sem þingflokkur framsóknarmanna skipaði í vetur til að skoða stöðu byggðamála, á ferð um Vestfirði og hélt m.a. fundi á Ísafirði og á Patreksfirði. BB náði tali af Gunnlaugi M. Sigmundssyni, þingmanni Vestfjarða og spurði hann um tilgang ferðarinnar og fundanna.

„Við ætlum að fara um Vestfirði og heimsækja atvinnulífið og það má segja að ég sé að kynna svæðið hérna fyrir félögum mínum. Fundirnir eru hluti af byggðamálaprógrammi sem við erum að fara með um öll kjördæmin til undirbúnings

ráðstefnu sem við ætlum að halda í haust. Þar ætlum við að kryfja til mergjar hvað hægt er að gera til að stemma stigu við stöðugum fólksflóttu frá hinum dreifðu byggðum til höfuðborgarsvæðisins.“

Gunnlaugur sagði að á þeim fundum sem þegar hafa verið haldnir, hafi léleg afkoma hjá landbúnaðinum í sveitaherudum staðið upp úr í hugum fólks ásamt fábreytni í atvinnulífi. Hvað Vestfirði varðar þá sagði Gunnlaugur tilgang ferðarinnar m.a. að hlusta á Vestfirðinga og fá fram ráðleggingar þeirra.

„Það er alveg ljóst að varnar-

barátta sem þingmenn og þingheimur allur hefur verið að reyna að halda uppi gagnvart hinum dreifðu byggðum á undanförunum árum hefur ekki skilað árangri. Það er eitthvað rangt sem við gerum, þannig að nú erum við komnir til að hlusta á þá sem hérna búa og þiggja frá þeim góð ráð. Síðan munum við reyna að draga saman þau viðhorf sem við fáum í þessum sex kjördæmum og í framhaldinu móta þá stefnu í byggðámálum sem við munum leggja áhersla á, á Alþingi næsta vetur,“ sagði Gunnlaugur.



Frá Þingeyri.

Rauðsíða ehf. kaupir eignir Fáfnis

Kaupverðið var 64,5 milljónir króna

Á mánudaginn var gengið frá kaupum Rauðsíðu ehf. á eignum Fáfnis hf. á Þingeyri, sem Bygðastofnun, Fiskveiðasjóður og Landsbanki Íslands leystu til sín fyrir skömmu.

Eigendur Rauðsíðu ehf. eru Ingibjörg Vagnsdóttir, Eyþór Haraldsson og Guðmundur Franklín Jónsson og framkvæmdastjóri er Ketill Helgason, sem jafnframt er framkvæmdastjóri Bolfisks hf. í Bolungarvík. Hlutfé fyrirtækisins er 22 milljónir og á Guðmundur 10% og þau Inga og Eyþór 45% hvort.

Að sögn Ketils var kaupverðið 64,5 milljónir, sem

greiddar verða á árinu, en fyrirtækið kaupir frystihús ásamt tækjum, beinamjólsværksmiðju og skreidarhús. Útborgur var 10 milljónir en fyrirtækið lagði jafnframt fram 20 milljónir króna í bankaábyrgðum til tryggingar eftirstöðva. Sparisjóður Bolungarvíkur er viðskiptabanki Rauðsíðu ehf., en fyrirtækið er nefnt eftir skipi Bárðar sem tók þátt í Flóabardaga ásamt Þórði Kakala.

„Bárður á Ströndum mannaði skip sitt Dýrfirðingum og Arnfirðingum, en það hét Rauðsíða og var mest allra skipa Þórðar Kakala í Flóabardaga,“ segir Ketill sem ætlar

að nú verði Rauðsíða aftur mönnuð Dýrfirðingum. Hann áætla að vinnsla á Þingeyri hefjist eftir hálfan mánuð og að um 40-50 manns fái vinnu hjá fyrirtækinu þegar starfsemi verður komin í fullan gang. Hann segir að hraefni sé tryggt en áætlanir gera ráð fyrir að unninn verði svokallaður rússafiskur.

Aðspurður um hvernig reksturinn legðist í hann, sagði Ketill: „Það leggst mjög vel í mig að vinna með Þingeyringum. Þarna er mikið af duglegu fólki sem þarf að virkja og ég vona að það standi með okkur að uppbyggingunni sem er framundan.“

Á Eyrinni
Delttingastadur Kaffihús
Mánudagur 1 - Sími 456 4800 Fólkskólur 1999

Kráarstemmning

Ístírski trúbadorinn vinsæll

Guðmundur Hjaltason

heldur uppi eikta kráarstemmningu nk. föstudagskvöld frá kl. 23:00 til kl. 03:00

Ljófengil kráarstúdíllir framreiddir frá kl. 19:00

Hljómssveitin Rós

skemmtir í þrumustuði á laugardagskvöld frá kl. 23:00 til kl. 03:00

Þjóðum kvöldmenningastum málæðil með ljúffengum réttum frá kl. 19:00 á laugardagskvöld

Borðapantanir daglega frá kl. 12:00 til kl. 17:00

Hjálpið opið aðeins fyrir kvöldmenningu frá kl. 19:00 til kl. 23:00

Mættið tímanlega, því það er ósvið ljúffenging og þér hjá okkur

Hjálpið gæta matar og stímnandi réttur í góðum veitingastað með góðri lúndu



Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Atvinnuvegasýning

Vestfjarða

Fimm þúsund gestir kynntu sér fjölbreytt atvinnulíf

Atvinnuvegasýning Vestfjarða sem haldin var um helgina í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði, tókst mjög vel að mati Elsu Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og telst henni til að um 5000 gestir hafi sótt hana. Hún sagði í samtali við blaðið, að þátttakendur og sýningargestir hefðu verið mjög ánægðir með þá miklu fjölbreytni í vestfirsku atvinnulífi sem svo bersýnilega kom í ljós á sýningunni. Elsa sagðist hafa saknað sjávarútvegafyrirtækjanna á sýningunni, en þau hafi í sjálfu sér verið löglega afsökuð vegna verkfallsins. Þau yrðu vafalaust með að ári ásamt fyrirtækjum sem ekki sáu sér fært að vera með núna.

Markmiðinu var náð

Elsa telur að markmiðinu með sýningunni hafi verið náð, en það hafi fyrst og fremst verið að

koma saman fyrirtækjum til að sýna Vestfirðingum sjálfum hversu fjölbreytt atvinnulíf þrífst í fjórðungnum. Aðspurð sagðist hún hafa orðið fyrir töluverðum vonbrigðum með áhugaleysi stóru fjölmiðlanna á sýningunni. Þeir einbeittu sér greinilega um of að neikvæðum þáttum og skelltu skollaeyrum við því sem jákvætt væri. Hún vildi þó undanskilja Ríkisútvarpið sem hún sagði hafa verið til fyrirmyndar í umfjöllun sinni um sýninguna. Svæðisútvarp Vestfjarða hafi reyndar verið með kynningarbás á sýningunni og starfsmenn þess staðið fyrir útsendingum þaðan sýningardagana, sem vakið hafi mikla athygli.

Elsa sagðist vona að sýningin yrði þáttur í því að efla sjálfsmynd Vestfirðinga. „Við erum ekki bara barlómur og væl. Við erum atorkusöm, fjölbreytt og metnaðarfull,“ sagði Elsa sem sagði að stefnt yrði á að hafa

sýningu aftur að ári. Hún gerir ráð fyrir að öll fyrirtækin sem voru með núna verði með þá, auk þeirra sem „nú naga sig í handabökin yfir að hafa ekki verið með.“ Aðspurð um hvort ætlunin væri að fara víðar með sýninguna sagði Elsa:

„Við erum svona rétt að ná áttum en við munum koma til með að setjast niður og skoða hvað kom út úr þessu. Það er inn í umræðunni þótt ekki hafi verið tekin ákvörðun enn um slíkt. Ef um það verður að ræða að fara með sýninguna annað þá verðum við að fjármagna það sérstaklega. Þessi sýning var erfið fjárhagslega og stóð ekki undir sér og kannski vegna þess að við vildum setja hana eins vel fram og kostur var. Vegna þess hve viðbrögð hafa verið jákvæð þá eru allir möguleikar opnir og verða skoðaðir vandlega. Þessi umræða um að fara með sýninguna suður sýnir það stolt sem býr í okkur. Við

erum stolt yfir þeirri atorku og fjölbreytni sem við höfum yfir að búa.“

Vestfirðingar standa uppréttir

Sigurður Atlason var einn af þeim aðilum sem sáu um kynningarbás Strandamanna á Atvinnuvegasýningunni, en hann var mjög ánægður með aðstöðuna og aðsóknina. Strandasýslubásinn var sá eini af Ströndum að sögn Sigurðar en hann sagði tilganginn með þátttöku á sýningunni vera að kynna ferðaþjónustu á Ströndum sem hefur upp á mjög margt að bjóða fyrir hinn almenna ferðamann. Hann sagði að mikið hefði verið að gera og að ekki hefði hafst undan við að miðla upplýsingum til



Sigurður Atlason kynnti ferðaþjónustu í Strandasýslu fyrir sýningargestum.

áhugasamra sýningargesta. Aðspurður um hvað honum þætti merkilegast á sýningunni sagði Sigurður: „Persónulega finnst mér Póls hf. vera merkilegast og það er stórkostlegt hvað þetta vestfirska fyrirtæki er að gera. Það flytur út vörur sínar um allan heim og þetta vekur einhvern veginn upp í manni þjóðarstoltið.“ Hann kvað ánægjulegt að sjá hvað mikið áhugi almennings væri á vestfirskum fyrirtækjum og sagðist sannfærður um að sýningin myndi auka sjálfstraust atvinnurekenda og fólks á Vestfjörðum sem væri að reyna að vera skapandi. „Hér er engin fiskvinnslufyrirtæki, m.a. vegna verkfallsins sem nú er leyst sem betur fer og

þess vegna kemur á óvart hvað mikið gróska er í öðru en fiskvinnslu. Þetta sýnir okkur að við höfum ýmislegt annað en fisk og ég verð mjög mikið var við ánægju fólks sem er að uppgötva þá staðreynd hér á sýningunni. Ég tel að forsvarsmenn sýningarinnar ættu að athuga vel þann möguleika að fara með hana víðar, t.d. í Perluna í Reykjavík. Það myndi styrkja okkur Vestfirðinga gífurlega ef við færum með þessa sýningu suður því það myndi sýna að við erum ekki bara í einhverju voli og væli. Við höfum orðið fyrir miklum áföllum en stöndum upprétt eins og sýningin gefur svo sterklega til kynna,“ sagði Sigurður að lokum.

Pantanasíminn er 456 3367

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547



Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

- Brautarholt 12:** 161,2m² einbýlishús á einni hæð ásamt 56m² bílskúr. Verð: 11.300.000,-
- Dalbraut 13:** 120,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
- Hafraholt 14:** 144,4m² raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
- Heiðarbraut 6:** 133,3m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 10.700.000,-
- Hlíðarvegur 26a:** 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-
- Hlíðarvegur 38:** 183,2m² raðhús á

- þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-
- Hlíðarvegur 43:** 186m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 10.200.000,-
- Hlíðarvegur 48:** 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög falllegt útsýni. Verð: 7.000.000,-
- Miðtún 31:** 190m² endaraðhús í norðurendaátveimurhæðum. Tilboð óskast.
- Silfurgata 9:** 150m² einbýlishús, 4ra herbergja á tveimur hæðum, ásamt garði, kjallara og geymsluskúr. Tilboð óskast.
- Skipagata 11:** 78 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust strax. Tilboð óskast.
- Stakkanes 4:** 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sölstofu.



Sundstræti 11: 74m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 3.400.000,-



Fjarðarstræti 13: 80m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi, tvö aukaherbergi í risi og kjallara. Verð 5.700.000,-

- Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-
- Stakkanes 6:** 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sölstofu. Skipti minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-
- Tangagata 6a:** 99,7m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt litlum kjallara. Verð: 6.800.000,-
- Urðarvegur 26:** 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-
- Urðarvegur 58:** 209m² raðhús á þremur pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 12.500.000,-

4-6 herbergja íbúðir

- Engjavegur 21:** 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
- Engjavegur 31:** 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgert. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5.900.000,-
- Fjarðarstræti 4:** 120m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð kr. 6.500.000,-
- Fjarðarstræti 14:** 191m² 4ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 6.200.000,-
- Fjarðarstræti 38:** 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þrívýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 7.000.000,-
- Pólgata 4:** 136m² 5 herbergja íbúð á

3ja herbergja íbúðir

- Hjallavegur 12:** 113,9m² 3ja - 4ra herbergja íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi. Verð: 5.500.000,-
- Hlíðarvegur 27:** 76m² íbúð á efri

- hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m² bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppí. Verð: 5.400.000,-
- Pólgata 6:** 55m² risíbuð á 3. hæð, suðurenda í fjölbýlishúsi. Mikið endurnýjuð. Verð: 3.900.000,-
- Seljalandsvegur 67:** 107m² íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-
- Stórholt 7:** 74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-
- Stórholt 7:** 74,6 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4.900.000,-
- Stórholt 9:** 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
- Stórholt 11:** 80m² 3ja herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-
- Stórholt 11:** 80 m² 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-
- Stórholt 11:** 72,6m² 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

2ja herbergja íbúðir

- Hlíf II:** 50,4m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra Verð: 6.100.000,-
- Hlíf II:** 50,4 m² íbúð á 4. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 5.900.000,-
- Sundstræti 24:** 69m² íbúð á jarðhæð í þrívýlishúsi. Íbúðin er mikið uppgert. Verð: 5.200.000,-



Urðarvegur 80: 82m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 6.800.000,-

Bolungarvík

- Hlíðarstræti 7:** 110m² einbýlishús á einni hæð ásamt háalofti og tvöföldum bílskúr. Verð: 7.600.000,-
- Holtastigur 22:** Einbýlishús á einni hæð með bílskúr. Húsið er laust. Verð: 6.500.000,-
- Heiðarbrún 4:** 140m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð 8.900.000,-
- Skólastigur 21:** 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í fjörbýlishúsi. Verð 3.800.000,-
- Hafnargata 124:** 85m² einbýlishús einangrað og klætt á einni hæð ásamt kjallara og bílskúr. Verð: 2.500.000,-
- Hólsvegur 7:** Einbýlishús á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
- Ljósaland 4:** 291m² einbýlishús á fjórum pöllum ásamt bílskúr. Tilboð óskast.
- Stígahlíð 4:** 64m² 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Mikið uppgert. Verð: 3.000.000,-
- Traðarland 12:** 140m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Tilboð óskast.
- Vitastigur 17:** 105m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í fjörbýlishúsi. Verð 4.500.000,-
- Þuriðarbraut 9:** 127m² einbýlishús á einni hæð ásamt 60m² bílskúr. Verð: 6.900.000,-
- Þjóðólfsvegur 14:** Einstaklingsíbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Tilboð óskast.

Verkalýðsforystan er að stórskaða samfélagið

Eftir á annan mánuð í verkfalli er það þyngra en tárur tekur að fylgjast með atburðum í heimabæ mínum, Ísafirði, þessa dagana. Héðan úr fjarlægðinni virðist þetta allt enn undarlegra en úr nálægðinni, en eflaust séð í öðru ljósi. Þegar ég las viðtöl við fólk á förnum vegi í Morgunblaðinu á laugardaginn var, var mér öllum lokið. Er menn gengnir af göflunum? Halda menn að þetta hafi eitthvað með Reykjavík eða Reykvikinga að gera? „Reykjavíkurlaldið“ - „reikni-meistarana að sunnan“. Hvað vakir fyrir mönnum að koma svona kreddum inn í kollinn á fólki. Þetta snýst auðvitað ekkert um höfuðborgina, né þá sem þar búa. Það getur verið ágætt fyrir suma að búa til óvin sem hægt er að kenna um alla skapaða hluti, en í þessu máli bera heimamenn alla ábyrgð.

Verkalýðsforystan er að stórskaða samfélagið og notar til þess jafn ómerkilegan áróður og áður er getið. Ég vona að þetta verið til þess að nauðsynleg lög verði sett á verkalýðsfélögin, eins og Thatcher gerði í Bretlandi hér um árið. Einkaréttur þeirra verði afnumin og allir geti stofnað stéttarfélög að uppfylltum skynsamlegum skilyrðum. Hvers vegna þarf verkalýðsforystan að njóta slíkrar einokunar og verndar sem forgangur til atvinnu fyrir félagsmenn er? Ég skil að þeir vilji halda í þetta úrelta kerfi en ekki löggjafann að taka ekki á því. Ef starfsmenn hjá fyrirtæki vilja stofna stéttarfélag, þá á það að vera þeim frjálst.

Þeir semja síðan við fyrirtækið um laun og sleppa við allan þann kostnað sem felst í rekstri þessara úreltu fyrirbæra sem verkalýðsfélögin eru orðin í dag. Þau eru fyrir löngu hætt að snúast um launafólk, heldur um að viðhalda sjálfum sér.

Að sefja lýðinn með skrumi

Ég starfaði í Kanada fyrir nokkrum árum, fyrir fyrirtæki sem hugðist reisa rækjuverksmiðju og starfrækja hana. Til stóð að reisa verksmiðjuna í Trepassey á Nýfundnalandi. Þar hafði eina fyrirtækið í þessum 5000 manna bæ, lokað fimm árum áður. Ríkið hafði gefið samfélaginu sjöð upp á sex milljónir dollara og auðvitað haldið öllu fólkinu á atvinnuleysisbótum allan tímann. Hluti af samkomulaginu við kanadíska ríkið var að halda verkalýðsfélaginu uppi fjárhagslega. Í stuttu máli sagt, þá reyndist ómögulegt að reisa verksmiðjuna þarna vegna andstöðu verkalýðsfélagsins. Þeir höfðu á sínum tíma orðið til þess að fyrirtækið á staðnum lokaði og nú komu þeir í veg fyrir að aðrir settu upp atvinnustarfsemi. Það var ekki með hag verkafólks í huga, heldur hagsmunum félagsins.

Ég tala sem fyrrverandi verkalýðsformaður og stjórnar- maður í A.S.V. og skil því betur en margir annar hvað um er að ræða. Það er hægt að sefja lýðinn með skrumi eins og áður er bent á, og viðhalda vitleysu



Gunnar Þórðarson.

sem aðeins er til niðurrifs. Það veit það hver sem vill vita að málefni verkafólks á Ísafirði snúast ekki um hundrað þúsund króna mánaðarlaun með þeim hætti sem krafist er. Flest öll fyrirtæki á staðnum standa mjög illa og mega síst við auknum kostnaði eins og er. En ég er sammála mönnum um að launin eru of lág. Það er ein ástæðan fyrir því að framlegð er lægri á Íslandi í fiskiðnaði en t.d. í Danmörku. Hver maður skilur einfaldlega of litlu og gæti gert miklu betur. Og þar held ég að hundurinn liggja grafinn.

Kalla skal fólk til ábyrgðar

Ef verkalýðsforystan hefði áhuga á að bæta kjör fiskvinnslufólks, þá ætti hún að sameinast atvinnurekendum í að bæta framlegð starfsmanna í vinnsluhúsum, bæði háum sem lágum. Síðan ættu menn að skipta hagnaðinum af þessu bróðurlega á milli sín. Fyrir

mér er þetta hin augljósa aðferð til að bæta hag allra aðila. Það eru einföld sannindi að það er ekki hægt að reka fyrirtæki vel án þess að hafa starfsmenn ánægða. Þannig gengur ekki að kúga verkamenn, né aðra starfsmenn, ef þeir eiga að skila góðu starfi og það þarf ekki verkalýðsfélög í núverandi mynd til að gæta þess.

Annað sem er mjög athugið fyrir verkamenn en það er að 0,75% af nettó tekjum þeirra fara í að fýðra þessi einokunarfélög. Enda eru flest öll verkalýðsfélög í landinu orðin stórrík og þau stærstu með meiri hagnað en velflest stærstu og best reknu fyrirtæki landsins. Sjúkra- og orlofssjóður sem atvinnurekendur og verkalýðsfélög misnota með þegjandi samkomulagi, er auðvitað ekkert annað en hluti af launum starfsmanna, sem þeir hafa ekkert um að segja. Þarna er ein smuga til að hækka laun verkamanna, þ.e.a.s. að færa þennan hluta launa þeirra til þeirra sjálfra.

Ég stóð sjálfur fyrir verkfalli sem verkalýðsformaður hér um árið en vil líta á það sem bernskubrek í dag. Ég þekki þetta því betur en margur annar og sviður því tilgangsleysið og tortímingin sem á sér stað í heimabæ mínum, Ísafirði. Tónninn sem ég heyri frá fólki að heiman er allur á sömu lund, örvænting og uppgjöf. Ég vil kalla þá til ábyrgðar sem að þessu standa.

Mexíkó 2. júní 1997,
Gunnar Þórðarson.



Setið á endanum

Þessa mynd tók ljósmyndari blaðsins í síðustu viku þegar verkfallsfólk reyndi að hindra að skip leggðu úr Ísafjarðarhöfn eftir sjómanna-dagsstopp. Sjómennirnir sem í nokkrum tilvikum eru eiginmenn verkfalls-

kvenna, brugðu á það ráð að sleppa landfestum til að sleppa úr klóm - „sinna heittelskuðu.“

„Það er naumast hvað þessar konur leggja á sig til að halda körlunum sínum í landi,“ hafði einhver á orði.

Breiðafjarðarferjan

Daglegar ferðir næsta vetur

Breiðafjarðarferjan Baldur mun verða í daglegum ferðum næsta vetur á milli Brjánslækjar og Stykkishólms, en hingað til hafa ferðir verið 5 daga vikunnar yfir vetrartímann.

Ferjan er samgönguæð íbúa í Vestur-Barðastrandarsýslu við aðalakegakerfi landsins yfir vetrartímann og því mikilvægt fyrir svæðið

að ferðum sé haldið uppi daglega. Þörfin fyrir Baldur hefur vaxið mjög á undanförunum árum og var svo komið að oft var uppantað í ferðir skipsins.

Kostnaður vegna fjölgunar ferðanna er áætlaður um sjö milljónir króna á ári og þar af er kostnaður vegna snjó-moksturs yfir Kleifarheiði ein og hálf milljón króna.

Ísafjörður

Eigandaskipti á Basil

Verslunin Basil á Ísafirði hefur skipt um eiganda. Inga Jónasdóttir sem hóf rekstur verslunarinnar fyrir fjórum árum hefur nú selt reksturinn Sigrúnu Baldursdóttur sem tók við á laugardaginn. Að

sögn Sigrúnar mun hún reka verslunina á svipaðan hátt og verið hefur, a.m.k. til að byrja með, en verslunin hefur sérhæft sig í tískufatnaði fyrir ungt fólk.

Bæjarstjóri Vesturbyggðar um ákvörðun Flugleiða

Þjónustuskerðingin er áhyggjuefni

Eins og greint var frá í síðasta blaði, þá hafa Flugleiðir skilað inn sérleyfi til áætlunarflugs á Patreksfjörð og hætti félagið öllu flugi þangað eftir að sumaráætlun gekk í gildi. Farþegum á leiðinni hefur fækkað mikið á undanförunum árum eða úr um 4.500 árið 1993 í 2.700 á síðasta ári. Þann 1. júlí verður innanlandsflug gefið frjálst og samkvæmt heimildum blaðsins hyggjast Flugleiðir (Flugfélag Íslands) nota vélarkost sinn á öðrum og arðbærari leiðum.

Jón Gauti Jónsson, bæjarstjóri Vesturbyggðar, sagði í samtali við blaðið að þessi ákvörðun Flugleiða myndi hafa slæm áhrif á svæðið.

„Í fyrsta lagi þá hverfur samkeppnin. Þó ég hafi ekkert nema gott um þjónustu Íslandsflugs á Bíldudal að segja, þá vitum við að það er önnur staða

ef samkeppnin er ekki fyrir hendi. Þú skikkar engan til að veita meiri þjónustu en menn eru tilbúnir að kaupa, en þessi þjónustuskerðing er vissulega áhyggjuefni. Það er hérna 1500-1600 manna byggð og fullkominn flugvöllur ásamt tilheyrandi aðstöðu, þannig að það er ástæða til að skoða þessi mál vel og ég á von á að bæjarstjórnin taki þetta til umfjöllunar á júnifundi sínum,“ sagði Jón Gauti. Hann sagði að þrátt fyrir batnandi vegasamband þá væru vegalengdir það miklar, að íbúar svæðisins myndu alltaf þurfa að byggja töluvert mikið á flugsamgöngum.

„Við ætlum að bæta þjónustuna á Bíldudal með auknu sætaframboði og teljum að með því getum við þjónað allri Vesturbyggð ásamt Tálknafirði,“ sagði Sigfús Sigfússon, markaðsstjóri Íslandsflugs, í samtali



Frá Patreksfirði.

við blaðið. Íslandsflug ætlar að fjölga ferðum á Bíldudal og verður flogið beint til Reykjavíkur alla daga vikunnar og tvisvar á miðvikudögum og föstudögum. Þar með hættir félagið millilendingum á Flateyri. Sigfús segir að félagið hafi byrjað að fljúga beint á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur þann 9. júní og að flogið sé

tvisvar á dag alla daga vikunnar á þeirri leið.

Vegna þessara breytinga hjá flugfélögunum fækkar flugvöllum á Vestfjörðum sem eru í notkun um þrjá, þ.e.a.s. um völinn í Holti í Önundarfirði, Patreksfjarðarflugvöll og Þingeyrarflugvöll, sem nú er aðeins notaður sem varavöllur fyrir flugvölinn á Ísafirði.

Kvennahlaup ÍSÍ

Skráning er hafin

Sunnudaginn 15. júní munu konur um allt land sameinast og taka þátt í Kvennahlaupi Íþróttasambands Íslands. Konur á Ísafirði og nágrenni ætla að fjölmenna eins og oftast áður og taka þátt í hlaupinu en það hefst við Íþróttahúsið á Torfnesi kl. 14:00. Skráning

og forsala á bolum er hafin í Sporthlóðunni, Ísport, Olíu-búðinni við Hafnarstræti, Kaupfélaginu Súðavík, Vöruval Hnífsdal og hjá Rannveigu Pálsdóttur, Mjögötu 7.

Konur eru hvattar til að skrá sig strax til að forðast örtröð á hlaupadaginn.

Ísafjarðarbær

Gunnar til sýnis

Hinn nýi björgunarbátur Vestfjarða, bs. Gunnar Friðriksson, verður ásamt dótturbát til sýnis á Þingeyri Flateyri og Suðureyri sunnudaginn 15. júní n.k. eins og

hér segir. Á Þingeyri frá kl. 11:00-12:30, á Flateyri frá kl. 13:30-14:30 og á Suðureyri frá kl. 15:30-16:30. Allir velkomnir.

Heimsókn í ratsjárstöðina á Bolafjalli

– undir leiðsögn Viðars Axelssonar stöðvarstjóra, sem segir að stöðin hafi svipað gildi fyrir Bolungarvík og ef frystitogari væri gerður út þaðan

Ratsjárstöðin á Bolafjalli við Bolungarvík er í hugum margra sveipuð dulúð líkt og flest mannvirki Bandaríkjahers á landinu. Stöðina ber þó vart að flokka sem hernaðarmannvirki því að auk þess að sinna eftirlitsþætti vegna flugumferðar fyrir Varnarliðið þá gegnir stöðin einnig veigamiklu hlutverki í þágu íslenskra flugmálayfirvalda. Starfsmenn stöðvarinnar eru allir Íslendingar á launum hjá Ratsjárstofnun sem sér um reksturinn samkvæmt samningi sem gerður var við bandarísk stjórnvöld árið 1987.

BB ákvað að forvitnast um starfsemina á Bolafjalli og hafði samband við Viðar Axelsson stöðvarstjóra, sem tók vel í beiðni blaðsins um að fá að koma í heimsókn. Hann þurfti þó fyrst að fá grænt ljós hjá yfirboðurum sínum og fulltrúum Varnarliðsins sem gáfu leyfi sitt eftir að Viðar hafði sent þeim upplýsingar um blaðamann og tilgang heimsóknarinnar. Það var svo morgun einn fyrir skömmu sem farið var af stað í fylgd Viðars frá bækestöðvum Ratsjárstofnunar í Minnihlíð áleiðis á topp Bolafjalls þar sem lífið er með talsvert öðru sniði en gengur og gerist.



Í upphafi ferðar

Í Minnihlíð í Tungudal leigir Ratsjárstofnun aðstöðu undir ýmsan búnað sem þarf til reksturs stöðvarinnar á fjallinu. Þar eru t.d. geymdir vélsleðar þeir sem starfsmenn nota til að komast á milli yfir vetrartímann, ásamt varahlutum í tæki og tól. Viðar er sjálfur á öflugum jeppa og byrjar í upphafi ferðar á að hafa talstöðvarsamband við félag sína á fjallinu en hann segir það reglu sem hafi með öryggi að gera. Venjulega taki um fimmtán mínútur að komast á leiðarenda og hafi viðkomandi ekki skilað sér eftir þann tíma sé farið að grennslast fyrir um hann. Á leiðinni gluggar blaðamaður í söguna að baki stofnunar Ratsjárstofnunar og Ratsjárstöðvanna á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli, Stokksnesi og Miðnesheiði í bæklingi sem Viðar hefur látið honum í té.

Forsagan

Þar kemur fram að á árunum frá 1953 til 1957 hafi Varnarliðið hafið rekstur ratsjárstöðva á Miðnesheiði, Heiðarfjalli, Stokksnesi og Straumnesfjalli til eftirlits með lofthelgi Íslands. Ratsjárstöðvunum á Straumnesfjalli og Heiðarfjalli var lokað á árunum 1960 til 1961 og var eftirlit með loftsvæðinu út frá norðanverðum Vestfjörðum til svæðisins norður af Norðausturlandi takmarkað eftir það. Á árunum 1976 til 1983 tæplega tvöfaldaðist fjöldi útkalla orustuflyg-

véla Varnarliðsins vegna umferðar óþekktra flugvéla í lofthelgi Íslands og var því ljóst að auðvelda þurfti Varnarliðinu að rækja eftirlitshlutverk sitt og tryggja jafnframt betur öryggi almenns farþegaflugs.

Bygging ratsjárstöðva á Norðvestur- og Norðausturlandi var talinn vænlegasti kosturinn til að leysa vandann. Þá höfðu íslensk stjórnvöld einnig í huga að íslenskar stofnanir gætu haft bein afnot af nýjum ratsjárstöðvum vegna almennrar flugumferðar, siglinga í grennd við stöðvarnar og til veðurathugana og ljóst var að hægt yrði að veita fullkomna flugumferðarþjónustu fyrir innanlands- og millilandaflug. Þess má geta að þá var gert ráð fyrir sérstökum skiparatsjám á norðurstöðvunum, sem enn eru til umfjöllunar.

Áhugi Atlantshafsbandalagsins á því að bæta úr fyrrgreindu ófremdarástandi varð þess valdandi að í nóvember 1983 var hafin ítarleg athugun á því með hvaða hætti og hve fljótt yrði unnt að reisa nýjar ratsjárstöðvar á Vestfjörðum og Norðausturlandi, auk endurnýjunar á fyrri stöðvum. Íslensk stjórnvöld lögðu áherslu á að kannað yrði hvernig Íslendingar gætu tekið að sér rekstur og viðhald nýrra ratsjárstöðva og hvernig upplýsingar frá þeim gætu nýst flugumferðarstjórn og siglingum á sjó. Miðað var við að Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins myndi að mestu leyti greiða kostnað vegna framkvæmda,

bandarísk stjórnvöld greiða allan rekstrarkostnað, en Íslendingar legðu til landsvæði og önnuðust rekstur ratsjárstöðvanna. Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins fól hópi sérfræðinga að gera fyrrnefnda athugun og í júní 1985 var Ratsjárnafnd formlega stofnuð og síðar Ratsjárstofnun sem falið var að annast rekstur stöðvanna.

Starfsmenn hafa lokast uppi

Við erum enn í bílnum með Viðari á leiðinni upp á Bolafjall eftir þessa lykku á leiðinni sem ætluð var til að lesendur áttuðu sig betur á í hverju starfsemi stöðvanna felst og þeim þáttum sem urðu þess valdandi að ráðist var í byggingu þeirra. Viðar segir að flest þau viðmið sem sett voru í upphafi séu í gildi og í dag reki Ratsjárstofnun fyrrgreindar fjórar ratsjárstöðvar og að upplýsingar frá þeim séu nýttar af flugstjórnarmiðstöðvum Varnarliðsins og Flugmálastjórnar. Hjá stofnuninni starfa 62 starfsmenn sem hafa fengið þjálfun á sínu sérsviði bæði innanlands og utan og þar af starfa 12-15 manns við stöðina á Bolafjalli sem tekin var í notkun haustið 1990.

Á leiðinni upp er Viðar spurður um ýmislegt er varðar flutninga starfsmanna til og frá vinnu. Hann segir að hluti starfsmanna fari upp að morgni og niður að kvöldi en tæknimenn vinni á vöktum. Yfir

veturinn eru tæknimenn uppi í sex daga í einu og fá svo frí en yfir sumarið skipta þeir á milli sín 12 tíma vöktum og fara til síns heima á láglandinu eftir vaktirnar. Yfir vetrartímann ferðast starfsmenn mest á vélsleðum en farið er með snjóbil þegar þess gerist þörf vegna ófærðar. Ratsjárstofnun er með samning um afnot á snjóbil Slysavarnafélagsins í Bolungarvík og er ökumaður bílsins einnig á vegum félagsins. Það segir sig sjálft að oft getur leiðin upp á fjallið verið torfær vegna óveðurs og ófærðar og segir Viðar að það hafi komið fyrir að allur mannskapurinn hafi verið lokaður uppi í allt að fimm daga.

Almenn umferð um veginn bönnuð

Viðar stöðvar nú bílinn við afleggjarann upp á Bolafjall en þar lokar leiðinni keðja sem strengd er yfir veginn en umferð um veginn er lokað ökutækjum öðrum en starfsmanna. Sú ráðstöfun hefur verið umdeild í nokkur ár og vilja margir opna leiðina fyrir almennri umferð hafandi í huga ferðafólk sem sækist mjög í að komast upp á Bolafjall. Viðar segir að Bolungarvíkurkaupstað og Vegagerð ríkisins hafi verið boðið að taka við veginum og bera ábyrgð á honum en því boði hafi ekki verið tekið fram að þessu. Hann segir ljóst að á meðan Ratsjárstofnun hefur yfirráð yfir veginum verði almenn umferð bönnuð

vegna þess að stofnunin treysti sér ekki til að taka þá ábyrgð sem fylgja myndi frjálsri umferð. Hins vegar sé öllum heimilt að fara veginn gangandi, en það sé ekki nema um hálf tíma gangur frá afleggjaranum upp á fjallið. Viðar segir að ef vegurinn yrði opnaður fyrir almenningu þá myndi fylgja því aukni viðhald og fleira. Hann rifjar upp að einu sinni hafi ferðafólk sem fór akandi upp fjallið, lokast uppi vegna grjóthruns. „Það kom auðvitað enginn til að opna veginn, hvorki Vegagerðin eða starfsmenn Bolungarvíkurkaupstaðar þannig að á endanum þurfti ég að fá moksturstæki til að losa fólk úr þrífundinni,“ segir Viðar.

Eftir að Viðar hefur strengt keðjuna aftur fyrir veginn og læst henni, er ferðinni upp fjallið haldið áfram. Hann segir aðspurður að veðurfar á fjallinu sé oft æði ólíkt veðrinu niður í byggð og þá sérstaklega á veturna. Það er þó ekki alltaf verra uppi. „Í gær var t.d. þoka alveg niður undir húspök í Bolungarvík en þá var sól og blíða uppi. Við keyrum oft upp úr þokuslæðunni á leiðinni upp og það er gaman að verða vitni að umskiptunum yfir í heiðríkjuna.“

Kúlan er 23 metrar að hæð

Loks er leiðarenda náð og Viðar stöðvar bílinn við girðinguna sem umlykur ratsjárstöðina. Fyrir utan 23 metra

háa og 21 metra breiða trefjaplaskúluna sem skýlir loftneti ratsjárinnar fyrir veðri og vindum, vekja margir háir staurar eða móstur eftirtekt. Viðar útskýrir og segir að þetta séu loftnet sem taki við fjarskiptum flugvéla en tal- og gagnaflutningar eiga sér stað milli eftirlitsstöðvanna og flugvéla í gegnum fjarskiptabúnað ratsjárstöðvanna. Gögn þessi eru send um samskiptakerfi til eftirlitsstöðvanna en kerfið samanstendur af ljósleiðarakerfi annars vegar og örbylgjukerfi hins vegar. Aðalsambandið er um ljósleiðarakerfið en örbylgjukerfið er notað til vara.

Viðar segir að í ratsjárstöðinni séu tvær sambyggðar ratsjár, þ.e. frumratsjá með þrívíddarupplýsingum og svarratsjá. Langdrægni ratsjárna er allt að 250 sjómílar, nema þar sem hindranir takmarka útsýnið. Frumratsjain gefur kost á að fylgjast með allri flugumferð á sviði ratsjárinnar, en svarratsjain gefur aðeins upplýsingar um flugvélar sem búnar eru sérstökum ratsjávörum. Ratsjármerkin eru send í stafrænu formi um samskiptakerfi Pósts og síma til eftirlitsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli og flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík.

Reglur vegna gesta eru strangar

Eftir að þessir tæknilegu þættir hafa verið útskýrðir fyrir blaðamanni býður Viðar hon-



Starfsmenn fyrir utan ratsjástöðina. Talið frá vinstri: Jón Jóhannesson, Kristján Ágústsson, Guðmundur Karlsson, Viðar Axelsson, Halldór Jón Hjaltason, Magnús Einarsson og Helgi Jónsson.

um að „ganga í bæinn.“ Áður gerir Viðar þó grein fyrir reglum sem gilda um heim-sóknir en þær segja m.a. að á meðan heimsókn standi eigi gestir ávallt að vera í fylgd starfsmanns Ratsjástofnunar. Gestir skuli eigi vera fleiri en 15 sem heimsækja stöðina í einu og reykingar eru bannaðar. Jafnframt banna reglunar neyslu áfengis og myndatökur og gestum er óheimilt að snerta tækjabúnað. Blaðamaður lofar háttíðlega að virða allar reglur en getur illa leynt vonbrigðum sínum vegna myndatökubanns-ins. Ummæli Viðars um að í lagi sé að mynda í „lífsrými“ starfsmanna draga þó úr vonbrigðunum. Eftir að nældur hefur verið gestapassi á blaðamann býður Viðar upp á kaffi í lífsrýminu sem nánar til tekið er sá hluti hússins þar sem starfsmenn matast, sofa og horfa á sjónvarp.

Sjálftæðir Íslendingar af öllum gerðum

Starfsmenn sjá sjálfir um matseld og annað sem viðkemur „heimilishaldi“. Maturinn samanstendur að mestu af tilbúnum réttum sem staðfestist þegar Viðar opnar kæli-skáp þar sem sjálftæðir Íslendingar 1944 af öllum gerðum blasa við. Viðar segir að af og til eldi starfsmenn þó eitthvað frumlegt og gott úr hráefni sem til staðar er í frystikistunni. „Þú sérð að hér er engin mamma til staðar og því verða menn að ganga vel um og hugsa um sig sjálfir,“ segir hann. Vistarverur starfsmanna samanstanda af eldhúsi, eldhúskrók, setustofu með sjónvarpi, badherbergi, búri og fjórum herbergjum með kojum. Strákararnir á fjallinu hafa sett upp gerfihnattadisk og geta því fylgst með ótal sjónvarpsrásum þegar tími gefst til. Myndgæði frá gerfihnöttunum og Ríkissjónvarpinu eru góð en Stöð 2 næst ekki á Bolafjalli.

Viðar sýnir blaðamanni myndaalþing þar sem geymdar eru myndir sem lýsa sögu stöðvarinnar og starfsmenninn þar. Þarna eru myndir frá snjó-mokstri að vori til, en það er sá tími sem starfsmönnum er kær því eftir opnunina er hægt að ferðast á milli á bílum í stað vélsleðanna og snjóbílsins. Viðar segir að snjóalög á veg-

inum séu oft mikil og ákaflega mikilvægt sé því að hreinsa vatnsrásir vel eftir opnun til að varna því að vegurinn hreinlega skolist í burtu í leysingum.

Tuttugu vindstíg hafa mælst

Nú er kaffidrykkjunni lokið og Viðar leggur af stað með myndavélarlausan blaðamann í skoðunarferð um ratsjástöðina. Fyrsti viðkomustaður er rými þar sem viðhaldi á bílum, vélsleðum, hjólaskóflu og öðru er sinnt og þar er einnig aðstaða til þvotta - þvottavél og þurrkari. Næst er komið inn á lager og verkstæði þar sem viðhaldi á vélum og búnaði hússins er sinnt. Þar er einnig geymdur búnaður sem gripið er til að vetri til svo sem snjóflóðayflur, mannbroddar og snjóþrúgur sem Viðar segir að komi sér vel í púðursnjó. Hann segir að alltaf sé eitthvað um að dytta þurfi að einu og öðru úti svo sem mælingum ýmis-konar. Sjálfvirk veðurathug-unarstöð er staðsett við ratsjástöðina og er hægt sjá innan-húss á mælum hver vindhraðinn og hitastig er úti þá stundina. Mælst hefur vindur sem Viðari reiknast til að gæti numið 20 vindstígum en þessi veðurathugunartæki eru einungis fyrir starfsmennina sjálfa og þjóna í sjálfu sér ekki öðrum tilgangi.

Göngustafur notaður sem öryggistæki

Nú er komið inn í rými sem á að verja hinn viðkvæma búnað og tæki sem þar eru fyrir innan fyrir rafeindahöggbylgi-um. Tvær hurðir eru á rýminu sem varðar leiðina að aðalhluta stöðvarinnar þar sem sumt af tækjabúnaðinum er enn í þróun hjá framleiðendum. Spennu-stöð stöðvarinnar er í sal þar sem einnig eru staðsettar þrjár 250 kw díselrafstöðvar, vatnsgeymir, slökkvikerfi, miðstöð og fleira. Ein díselrafstöðvanna fer sjálfvirk í gang þegar straumur rofnar á aðalkerfinu og tryggir að mikilvægasti tækjabúnaðurinn hafi rafmagn. Hinar díselrafstöðvarnar eru svo til vara ef eitthvað bregður út af. Viðar segir að varaafsbúnaðurinn sé prófaður reglulega og reyndar er það svo með

alla hluti stöðvarinnar eins og blaðamaður átti eftir að komast að.

Í spennustöðvarsalnum er tafla þar sem geymdur er margvíslegur öryggisbúnaður og mátti reyndar sjá þessar töflur víðast hvar í ratsjástöðinni. Öryggisbúnaðurinn samanstendur af ýmsum tólum sem hægt er að grípa til í neyðartilvikum eins og til dæmis þegar slys eiga sér stað. Eitt áhaldið vakti sérstaka athygli en það var einskonar göngustafur. „Þetta er ætlað til að nota í þeim tilfellum þegar rafmagn leiðir í mann og hann festist. Það er regla að tveir vinna saman að öllum verk-efnum og þá getur samstarfsmaðurinn krækt í þann fasta með stafnum án þess að hætta sjálfum sér.“

Verklagsreglur gilda um allt

Já, það er hugsað fyrir öllu á Bolafjalli og allt var á sömu bókinu lært hvar sem komið var í stöðinni og sama hvaða verkþátt var um að ræða. Allt er fyrirfram skipulagt og háð ákveðnum verklagsreglum og það telst alvarlegt brot ef reglunum er ekki sinnt sem skyldi. Eftirtektarvert var hvað allt var hreint og þússað - það var nánast ekki hægt að sjá að þarna gengi neinn um. En það sama gildir um þrifin og annað - farið er eftir verklagsreglum. Viðar segir enda að starfsemin gangi fyrst og fremst út á eftirlitsþáttinn og fyrirbyggjandi viðhaldsaðgerðir til að stöðin geti þjónað hlutverki sínu eins og til er ætlast.

Nýfarin í loftið til Ísafjarðar

Áfram er haldið skoðunarferðinni og Viðar sýnir hvern krók og kima. Í stjórngámnum, sem Viðar kallar svo, en hann líkist einna helst litlum frystigámi utan frá séð, er sambærilegur búnaður og er í flugstjórnarmiðstöðvum Varnarliðsins og Flugmálastjórna. Þarna koma fram þær upplýsingar sem öll starfsemi ratsjástöðvarinnar á Bolafjalli snýst um. Á skjá má sjá útlínur Íslands og hluta Grænlands og umferð flugvéla á svæðinu. „Hér er yfirflug í 30 þúsund fetum,“

segir Viðar og bendir á lítinn punkt á skjánum. Þar má einnig sjá punkt yfir suðvesturhorni landsins en Viðar segir að þarna sé á ferðinni flugvél í innan-landsflugi - líklega Fokker. „Já, hún er sennilega nýfarin í loftið áleiðis til Ísafjarðar,“ segir blaðamaður spekslegslega. Viðar fellir tillöguna og segir vélina líklega á leiðinni til Akureyrar og blaðamaður sér hugmyndina um væntanlega flugumferðarstjórnastöðu sundrast í frumeindir sínar. Viðar segir yfirleitt ekki mikla flugumferð sjánlega að morgni til en það breytist þegar líða tekur á daginn. Þá sé oft allt krökkt af litlum punktum sem táknir flugvélar.

Laxnes lesinn í bak og fyrir

Nú er kominn tími til að heilsa upp á tæknimennina þar sem þeir eru við vinnu sína við fyrirbyggjandi viðhald sem eins og áður sagði er einn veigamesti þáttur starfseminnar. Helgi Jónsson er einn tæknimannanna en hann segist aðspurður líkja starfinu á Bolafjalli við sjómennsku.

„Á veturna vinnum við hérna í sex daga í einu án þess að fara heim. Á sumrin erum við á vakt alla daga og á bakvakt allar nætur og ef eitthvað bílar þá þurfum við að sinna því hvenær sólarhrings sem er. Þetta kemst upp í vana eins og hvert annað en þetta er mjög krefjandi starf sem kallar á að við þurfum að vera í síþjálfun allt árið. Í síþjálfuninni felst að það er sett upp prógramm fyrir hvert ár sem við verðum að sinna jafnframt viðhaldinu.“

- En hvað með tómstundir. Hvað gerist þið í þeim?

„Við horfum auðvitað á sjónvarpið, lesum blöðin og bækur þannig að við náum svona aðeins að sinna áhugamálunum. Við erum með gerfihnattadisk og náum efni af ýmsu tagi með hans hjálp eins og kvikmyndarásur og íþróttafni. Það er lesið mjög mikið hérna og við notum t.d. bakvaktirnar mikið til að lesa. Á veturna eru allar hillur í herbergjunum okkar fullar af bókum. Menn lesa t.d. tölvublöð mikið og Laxnes er lesinn í bak og fyrir. Við höfum svo ofan af fyrir hverjir öðrum þannig að ég held að það sé

engin ástæða til að kvarta. Svo reynum við auðvitað að hreyfa okkur aðeins og spilum borðtennis svo dæmi sé tekið.“

Menn hafa komið helvíti mikið til í eldamennskunni

- Nú borðið þið mikið af tilbúnum réttum. Verðið þið aldrei leiðir á því?

„Nei nei, við erum ekkert leiðir á þeim. Annars breytist þetta svolítið yfir sumartímann. Þá kaupum við meira þessa 1944 rétti en yfir vetrartímann þá er fæðið svolítið frábrugðið og fjölbreyttara. Þá eldum við meira og ég held að menn hafi bara komið helvíti mikið til í eldamennskunni.“

- En hverjir eru kostirnir og gallarnir við að vera hérna uppi?

„Þetta er svo sem ágætt. Það eru auðvitað bæði kostir og gallar við þetta en ég held samt að kostirnir séu fleiri. Hérna er veðravíti á veturna en við verðum í sjálfu sér ekki svo mikið varir við það nema bara á leiðinni upp og svo aftur niður. Við förum út svona einu sinni á dag til að kanna stöðina og nánasta umhverfi og einnig eftir að veður hefur verið vont, þá förum við út til að hreinsa inntak loftræstikerfisins. Að öðru leyti vinnum við inni þar sem öll okkar tæki eru. Okkar hlutverk er að sjá til þess að tækin séu í lagi og þau vinna eins og til er ætlast. Allt þarf að vera í lagi 365 daga á ári. Það er mikil pressa á okkur ef

til myndatöku. Á leiðinni að bjargbrúninni er Viðar beðinn um að lýsa starfi sínu innan ratsjástöðvarinnar.

„Mitt hlutverk er að hafa yfirumsjón með öllum rekstrinum, starfsmannahaldi og slíku. Einnig sé ég t.d. um að semja um reksturinn fyrir hvert fjárhagsár við bandaríska sjóherinn og það byggist raunverulega allt á því hvernig þar tekst til. Þá þarf að leggja fram áætlun fyrir allt árið með tilheyrandi rökum fyrir hverri framkvæmd. Þetta hefur gengið alveg ágætlega og ef eitthvað er þá er starfsemin að aukast fremur en hitt og ýmis búnaður og tæki eru að bætast við.“

Viðar segir að byggingarlega séð þá sé ratsjástöðin á Bolafjalli NATO stöð en rekstrarlega sé hún á vegum bandaríska flughersins sem síðan hafi samning við Ratsjástofnun um reksturinn. Þar af leiðandi séu menn komnir inn á varnarsvæði um leið og þeir komi inn fyrir girðinguna sem umlykur stöðina. Hann segir að eftirlitsþátturinn sé síst minni nú en áður þrátt fyrir þíðuna í samskiptum stórveldanna en það sé að hluta til vegna eftirlits bandaríska flughersins með eigin flugvélum.

Stórbrotið útsýni blasti nú við frá bjargbrúninni og sást vel yfir Ísafjarðardjúp og yfir í Jökulfirði. Tækiferið var því notað til að smella af nokkrum myndum frá ýmsum sjónarhornum áður en lagt var af stað niður af fjallinu aftur.

Viðar segir að enginn vafi sé



Svæðið er girt af og aðgangur er bannaður.

eitthvað bílar og það er gerð krafa til okkar um að gera við bilanir á sem skemmstum tíma,“ segir Helgi Jónsson. Hann segir aðspurður að starfsandinn í stöðinni sé góður og líkir sambandi starfsmanna við hjónaband þar sem auðvitað geti skipst á skin og skúrir án þess að til skilnaðar þurfi að koma.

NATO - Flugherinn - Ratsjástofnun

Nú er skoðunarferðinni um ratsjárdhluta stöðvarinnar lokið og Viðar býður aftur upp á kaffi. Síðan er haldið út aftur til að taka myndir en þar er lognið algert þrátt fyrir að um morguninn hafi verið hálfgerð rok niðri á jafnsléttunni. Skyggnið er þökkalegt þrátt fyrir sólarleysi og bendir Viðar blaðamanni á áhugaverði staði

Sýningin tákn um framfaravilja, fjölbreytileika og afl atvinnulífsins

Við söfnunum saman vegna opunar Atvinnuvegasýningar Vestfjarða í skugga afar sérkennilegra aðstæðna. Harðvítugasta og lengsta vinnudeila hér um slóðir á seinni tímum hefur lamað atvinnulíf hátt á annan mánuð og haft gríðarleg og slæm áhrif á alla starfsemi og allt mannlíf hér vestra. Hvernig sem á málin er litið og hvar sem menn hafa staðið í þessum átökum, er víst að frá þessum hildarleik koma allir móðir og sárir. Borðleggjandi virðist að Vestfirðir muni tapa; örugglega í bráð en vonandi þó ekki í lengd. Það veltur þó mjög á okkur sjálfum.

Oft er gests augað glögg

Það fer ekkert á milli mála að undanfarin ár hafa verið okkur ákaflega erfið. Efnahagsstefna fyrri ára keyrði sjávarútveginn í botnlaust tap. Á árunum sem mikil tekjumyndun varð í veiðum og vinnsla á botnfiskafurðum fyrir um áratug síðan, var efnahagslífið skipulagt þannig að tekjurnar urðu ekki eftir í greininni heldur veitt með rangri gengisskráningu og erlendri skuldaföfnun út í þjóðfélagið í heild. Þetta er svipað og við byggjum við það ástand að loðnuveiðar og vinnsla væru nú reknar með tapi, þrátt fyrir að veiðin hefði aldrei verið betri. Okkur finndist slíkt eðlilega fráleitt, en þannig gerðust hins vegar kaupin á eyrinni á síðasta áratug. Það var þessi stefna sem kom vestfirskum fyrirtækjum á hnén. Þegar menn voru síðan að vonast eftir betri tíð, með batnandi skilningi á hagsmunum útflutningsgreinanna hófst látlaus niðurskurður aflheimilda, einkum í þorski sem linnit ekki fyrir en leyflegur hámarksafli var orðinn þriðjungur þess sem hann var þegar best lét. Inn í þennan samdrátt fóru því vestfirsk fyrirtæki á hnjúnum. Það var þess vegna ekki von á góðu.

Erlendur fréttamaður sem hingað kom til þess að gera heimildarmynd fyrir kanadíska sjónvarpið um íslenskan sjáv-

arútveg kvaðst fullur aðdáunar á þeim aðlögunarhæfileika sem atvinnulífið hér fyrir vestan hefði sýnt í ljósi þessara erfiðleika. - Þið þurfið ekki að biðjast afsökunar á því að þið séuð í vanda, sagði hann við mig. Miklu frekar er ástæða til þess að dást að þrautseigjunni og hörkunni.

Mér hefur oft komið í hug þetta samtal við hinn erlenda gest þegar ég hef mátt hlusta á skot og ónot í garð okkar hér fyrir vestan fyrir meintan skort á aðlögunarhæfni og útsjónarsemi við rekstur atvinnufyrirtækjanna. Fyrir mér hefur þetta fært sanninn heim um að oft er gests augað glögg.

Náttúruhamfarir þær sem við þekkjum alltof vel hafa líka höggvið stór skörð í okkar raðir og veikt byggðirnar okkar. Ekkert okkar veit með vissu hvaða áhrif þessar hamfarir hafa haft, þó okkur sé ljóst að þær hafa veikt okkur öll.

Í ljósi alls þessa finnst sumum það nokkur bítæfni hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða að efna til sýningar eins og þeirrar sem hér getur að líta. Kannski hugsar líka einhver með sér. Hvað eru þessir Vestfirðingar nú að vilja upp á dekk, eins og allt er í pottinn búið hjá þeim? Yfir hverju hafa þeir að státa og hvað þykjast þeir svo sem hafa að sýna öðrum landsmönnum?

Vestfirðir álitlegur kostur til búsetu

Ég fagna því að þessi sýning er haldin nú og er þess fullviss að hún muni sýna okkur sjálfum en einnig öðrum landsmönnum að vestfirskt atvinnulíf hefur upp á margt að bjóða og því séu Vestfirðir álitlegur kostur til búsetu.

Það fer ekkert á milli mála að við höfum verið að sjá ýmis teikn um það að vestfirskt atvinnulíf hafi verið að ná vopnum sínum að nýju. Endurskipulagning fyrirtækja, sameining þeirra og sókn á ýmsum vígstöðvum er talandi tákn um það að hér um slóðir ætla menn ekki að leggja árar í bát þó í móti blási. Það er varlega áæt-



Einar K. Guðfinnsson.

að að þessi endurskipulagning muni leiða til þess að yfir einn milljarður muni koma inn í vestfirsk sjávarútvegsfyrirtæki á þessu ári, í formi aukins hlutafjár. Það er engum vafa undirorpið að sú innspýting mun gera vestfirskt atvinnulíf hæfara til þess að takast á við ný verkefni á næstunni. Þær breytingar sem eru nú að verða á vestfirskum sjávarútvegi leiða örugglega til þess að fyrirtækin hér verða umsvifamikil á hlutafjármarkaðnum og þær viðtökur sem þau hafa þegar fengið benda sem betur fer til þess að fjárfestar hafi trú á þessum atvinnurekstri.

Og úr því að þessir aðilar, sem eru þekktari að öðru en því að kasta fjármunum sínum á glæ, eru reiðubúnir til þess að leggja þá til ávöxtunar í vestfirskum atvinnurekstri sýnist augljóst að við hljótum sjálf að hafa trú á framtíðinni.

Sú ákvörðun sem nú hefur verið tekin um úthlutun aflaheimilda, er einnig skýr vísending um vaxandi tekjur í vestfirskum sjávarútvegi. Á næsta fiskveiðidári munu aflaheimildir í þorski og rækju aukast enn. Hvergi munu auknar aflaheimildir í þessum tveimur mikilvægu nytjategundum skila jafn miklum tekjuauka og einmitt hér. Það gefur auga leið að þessi ákvörðun ein og sér mun bæta afkomuna hér vestra jafnt hjá fólki og fyrirtækjum vegna aukinna umsvifa.

Á mjög mörgum öðrum sviðum eru líka dæmi um sóknarhug og fjárfestingar. Þeirra sér stað í uppbyggingu á sviði loðnuvinnslu, ýmiss iðnaðar, ferðaþjónustu og nýsköpunar í sjávarútvegi.

Stofnun Atvinnuþróunarfélagsins í fyrra er ennfremur til marks um það að menn ætla sér að brjóta út úr viðjum erfiðleikanna með því að leggja áherslu á þá nauðsynlegu nýsköpun sem verður að eiga sér stað hér sem annars staðar. Nú er verið að ganga frá samningi á milli Atvinnuþróunarfélagsins og Byggðastofnunar þar sem gert er ráð fyrir verulegu fjárframlagi til þessarar atvinnuþróunarstarfsemi bæði frá Byggðastofnun og heimamönnum. Á þeim grundvelli verður unnt að sinna þrenns konar atvinnuráðgjöf hér á Vestfjörðum. Í fyrsta lagi almennri atvinnuráðgjöf, í

annan stað á sviði ferðamála og loks við markaðsmál. Þetta er tvímælalaust verulegur stuðningur við atvinnuuppbyggingu hér vestra, sem á að geta skilað sér svo um munar á næstunni. Annars staðar á landinu þar sem vel hefur verið að verki staðið á sviði atvinnuráðgjafar hefur hún lagt grunninn að fjölmörgum nýjum og fjölbreyttum atvinnutækifærum sem heimamenn hafa almennt haft frumkvæði að sjálfir.

Tengja þarf betur starfsemi framhaldsskólans við atvinnulífið

Í þessu sambandi vil ég leggja áherslu á að við reynum að þróa þessi mál frekar. Raunar er mér kunnugt um að undirbúningsstarf í þessa veru er þegar hafið. Það hníga vitaskuld öll rök að því að tengja með beinum hætti hina nýju atvinnuráðgjöf, starfsemi Fjórðungssambandsins, rannsóknar og þróunarstarfsemi sjávarútvegsins á Ísafirði, Byggðastofnun og ráðunautastarf landbúnaðarins hér á Vestfjörðum. Jafnframt þurfum við að leita leiða til þess að tengja betur starfsemi Framhaldsskólans við atvinnulífið hér, mögulega með samstarfi við þá aðila sem hér hafa verið taldir upp. Síðan er eðlilegt að gera þá kröfu til háskólanna í landinu að þeir komi að slíku samstarfi með okkur og efla það og styðji þannig með beinum hætti við uppbyggingarstarf vestfirskis atvinnulífs.

Það er enginn vafi á því að samhenging kraftanna af þessu tagi getur skilað okkur miklum og góðum árangri.

Góðir gestir. Nú er verkfallið loksins að baki sem betur fer. Framundan er þrotlaust starf þar sem við verðum öll að leggjast á eitt, allir íbúar Vestfjarða. Hvar í flokki sem menn standa, hvar sem menn búa, vinnuveitendur jafnt og launþegar, fólk úr öllum atvinnugreinum.

Nú gildir það að horfa fram á veginn, hafa trú á framtíðinni, möguleikum Vestfjarða og þeim krafti sem Vestfirðingar búa yfir.

Hér er nóg um björg og braud berirðu töfrasprotann. Þetta land á ærinn auð ef menn kunna að nota hann. (Jón Ólafsson, skáld)

Með þessum orðum er mér það mikill heiður að opna þessa glæsilegu sýningu, sem tákn þess framfaravilja, fjölbreytileika og afls sem atvinnulífið hér býr yfir og mun skila okkur áfram inn í nýja og spennandi framtíð.

Ræða flutt við opnun Atvinnuvegasýningar Vestfjarða 6. júní 1997. Fyrirsagnir og millifyrirsagnir eru blaðsins.

Lögreglan í Reykjavík

Jónmundur skipaður yfirlögregluþjónn

Jónmundur Kjartansson, fyrrverandi aðstoðaryfirlögregluþjónn á Ísafirði, hefur verið skipaður yfirlögregluþjónn við embætti lögreglustjórans í Reykjavík frá og með 1. júlí næstkomandi. Hann mun taka við stjórn almennu deildar lögreglu-

unnar. Jónmundur er fæddur í Bolungarvík 1955 og starfaði þar sem afleysinga- og héraðslögregluþjónn 1980-

1987. Hann var skipaður rannsóknarlögregluþjónn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins í febrúar 1987 og í október 1988 var hann skipaður aðstoðaryfirlögregluþjónn á Ísafirði. Þar starfaði hann til haustsins 1993 en þá tók hann við stöðu yfirlögregluþjóns á Selfossi. Síðan 1. júlí 1996 hefur Jónmundur starfað sem yfirlögregluþjónn í dómsmálaráðuneytinu.

Ametyst

Hár- og förðunarstofa
Aðalstræti 22, 400 Ísafjörður
Sími 456 3310

Verður lokuð vegna
sumarleyfa dagana
30. júní - 15. júlí



Almennur fundur um hvert stefnir í skattamálum

Almennur fundur um hvert stefnir í skattamálum verður haldinn á Hótel Ísafirði 12. júní kl. 20:30.

Frummælendur: Vilhjálmur Egilsson formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Sigríður Björk Guðmundsdóttir, skattstjóri í Vestfjarðaumdæmi.

Gestir fundarins: Alþingismennirnir, Einar K. Guðfinnsson og Einar Oddur Kristjánsson.

Fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ.

HÓTEL
Ísafjörður
SÍMI 456 4111

Hátíðar-kaffihlaðborð

Hátíðarkaffihlaðborð fyrir alla fjölskylduna á þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Fjölbreyttur matseðill að vanda 16. og 17. júní.

Verið velkomin.



Atvinna

Óskum að ráða starfsfólk nú þegar í eftirfarandi störf:

- Matreiðslustörf þ.m.t. bakstur
- Afgreiðslu- og þjónustustörf.
- Ræstingu- og hreingerningarstörf.

Ekki yngri en 20 ára.

Upplýsingar veitir framkvæmdastjóri í síma 456 5367, eða á skrifstofu að Mánagötu 1 (2. hæð) daglega frá kl. 8:00 til kl. 17:00.



Yngri kynslóðin kunnir vel að meta þetta litla hús sem smíðað er af fyrirtækinu Ágústi og Flosa ehf. á Ísafirði.



Sýningargestum var boðið upp á glæsilega tískusýningu, en Björn Garðarsson, verkefnisstjóri Atvinnuþróunarfélagsins var einn þeirra sem sýndi fatnaðinn.

Atvinnuvegasýning Vestfjarða

Sextíu fyrirtæki sýndu vörur og þjónustu

Um helgina var Atvinnuvegasýning Vestfjarða haldin í fyrsta sinn í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði. Sýningin, sem haldin var á vegum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða þótti takast vel og er talið að

um 5000 gestir hafi sótt hana þá tvo daga sem hún stóð yfir. Um 60 fyrirtæki kynntu þar vörur sínar og þjónustu með ýmsum hætti og kom fjölbreytni í vestfirsku atvinnulífi mörgum sýningargesta á óvart.

Ljósmyndari blaðsins var staddur í íþróttahúsinu á Torfnesi um helgina og tók þá þessar myndir sem sýna brot af því sem í boði var.



Verslanirnar Leggur og Skel, Krisma og Jón og Gunna sameinuðust um sýningarbás og hér má sjá eigendur og starfsfólk við hann.



Ungfrú gæs var að halda upp á síðustu daga sína utan hjónabands og fékk af því tilefni nokkra sýningargesti til að stíga létt dansspor með sér.



Vestfirski harðfiskurinn er eftirsóttur um land allt og hann rann ljúflega niður hjá þessum sýningargestum.



Um 5000 manns sóttu sýninguna þá tvo daga sem hún stóð yfir.



Póls var eitt af athyglisverðari fyrirtækjum á sýningunni, en það sérhæfir sig m.a. í smíði á vogum til notkunar í fiskiðnaði.



Dagný Þrastardóttir eigandi Rammagerðar Ísafjarðar var að sjálfsgöðu með bás á sýningunni og sýndi þar það sem hún hefur fram að færa í innrömmun, glerskurði, stimplagerð og fleira.



Munið heimsendingarþjónustuna
Síminn er
456 5267

Atvinnuvegasýning Vestfjarða

Það er gleðiefni að nú skuli vera haldin atvinnuvegasýning Vestfjarða í Íþróttahúsinu á Torfnesi. Þrátt fyrir langvinn verkföll hafa aðstandendur haldið sínu striki alveg ótrauðir. Vestfirðingum er mikil nauðsyn á því að bæta mjög mynd Vestfjarða. Hér er gott að búa og mörg tækifæri eins og Forseti Íslands benti á í opinberri heimsókn sinni vestur í ágústlok í fyrra. Tæknin á að geta tryggt okkur að við höldum okkar hlut ef við viljum.

Einmitt þess vegna er hollt að taka saman á einum stað það sem verið er að gera í atvinnulífi Vestfirðinga. Margt mun þar vafalaust koma mönnum kunnuglega fyrir sjónir en annað vera framandi. Auk þess mun heimsókn á sýninguna vafalaust hafa vakið margan gestinn til umhugsunar.

Það er svo einkennilegt að hugsa til þess að Vestfirðingar virðast ávallt standa í deilum hver við annan ef þeir eiga til þess einhver tækifæri. En er það svo í raun? Sennilega er það ekki meining nokkurs að troða illsakir við náungann. Það bara verður svoleiðis einhvern veginn.

Ein ástæða þess er auðvitað sú að menn gæta þess ekki nægilega að finna verkefni til að leysa í samvinnu, sameiginlega í stað þess að hver bauki í sínu horni. En návígið er auðvitað frekar erfitt viðureignar.

Trúnaðarrestur

Verkfallið sem staðið hefur vikum saman er glöggt dæmi um það sem gerist þegar trúnaður rofnar milli þeirra sem verða að standa saman um fjöregg fjórðungsins.

Kjaradeilan hefur sennilega snúist meira um það, að verkafólk lýsti andúð sinni á því að horfa upp á það gerast á skömmum tíma að fjármunir streymdu til fárra vegna þess kvótakerfis sem er nú við lýði í sjávarútvegi.

Vissulega er full þörf þess að skoða núverandi skipulag fiskveiða. En það er líka nýtt í íslensku samfélagi að einstaklingar verði ríkir ef svo má að orði komast vegna ævistarfs síns og enn frekar þykir furðu sæta að afkomendur hljóti eignir fyrir tilstuðlan foreldra sinna. Kannski er að skapast stéttskipt þjóðfélag eins og út í hinum stóra heimi, þar sem skiptingin ræðst af eignum en ekki einhverjum þeim atvikum, sem fremur hafa verið notuð til þess að draga fólk í dilka á Íslandi, eins og menntun svo dæmi sé tekið.

Það smáa samfélag sem þrífst á Vestfirðum hefur verið fremur samstætt og ekki borið mikið á auðmönnum þótt þeir hafi verið til hér sem annars staðar. En þegar dæmið snýst um fiskinn í sjónum og arðinn af honum er verkafólki nóg boðið. Það telur á sinn hlut gengið.

Því er eitt brýnasta verkefnið að loknu verkfalli að skapa trúnað milli vinnuveitenda og verkafólks, þann trúnað sem oft hefur verið talinn einkenna samskipti vinnuveitenda og verkafólks á Vestfirðum. Sameiginlegir hagsmunir eru miklu meiri en það sem skilur að.


Tækifæri framtíðar

Atvinnuvegasýning Vestfjarða er einmitt eitt margra tækifæra til að opna augu íbúa á Vestfirðum fyrir möguleikum fjórðungsins og þeirra sjálfra til þess að fást við ný verkefni í sameiningu og stíga fram á veginn og líta enn lengra eftir verkum og tekjum, ná til annarra landsmanna og útlendinga.

Hinu er auðvitað ekki að leyndu að framsýni kallar á breyttan hugsunarhátt hér um slóðir. Menntun er nauðsyn til að takast á við framtíðina. Aukin verkmenntun er einna brýnust, auk þess að fylgjast vel með öllum nýjungum í samskiptatækni og fjölmiðlum. Snerpa er gott dæmi um það hvað hægt er að gera á Vestfirðum ef viljinn er fyrir hendi.

Til hamingju með atvinnuvegasýninguna. Hún er góð tilbreying og hristir vel upp í okkur. Þar byrjar hinn nýi hugsunarháttur.

- Stakkur.



Verslið þar sem úrvalið er

...Gaui, einfaldlega bestur

Vídeó Möllin

- við Norðurveg

456 4853

TOPP 10 MYNDBÖND HJÁ VÍDEÓHÖLLINI

1. The Long Kiss...
2. Jingle all the Way
3. Courage Under Fire
4. Dragonheart
5. Black Sheep
6. Chain Reaction
7. Jack
8. Twister
9. Fear
10. Phenomenon

http: góðar NETINU

<http://www.americascup2000.org.nz/>
Ameríkubíkarinn er sú sgl-ingakeppni sem hefur mesta athygli fengið. Á heimasíðunni getur þú fundið upplýsingar um sögu hennar, skoðað myndbönd og fleira.

<http://www.mammothcave.com/>
Á heimasíðu Mammoth Cave Online er hægt að skoða þessa frægu mammúta hella og leiðir.

<http://www.bluelagoon.is/>
Á glæsilegri heimasíðu Bláa lónsins við Svartsengi er hægt að skoða myndir frá lóninu og vörur frá þeim

SPÓLAN TÆKINU

The Rich Man's Wife
Josie Potenza sem leikin er af Halle Berry, tilheyrir forréttindastétt og lifir í vellyingum ásamt sínum auðuga manni Tony Potenza. En dag einn suðrast veröld hennar þegar Tony er myrtur og allt bendir til þess að hún sé morðinginn.



Horfur á fimmtudag:
Hæg vestlæg átt. Sumsstaðar smáskúrir vestanlands en annars þurr og víða léttskýjað. Hiti 5 til 14 stig, hlýjast austanlands.

Horfur á föstudag:
Vestlæg átt með smá skúrum vestanlands en annars þurr og léttkyljað. Hiti 5 til 14 stig.

Á laugardag, sunnudag og mánudag:
Hæg breytileg eða vestlæg átt. Skýjað með köflum um vestanvert landið, en víða léttskýjað í öðrum landshlutum. Hiti 6 til 16 stig yfir daginn, hlýjast suðaustanlands.

Nýlegt **Samick** píanó til sölu ásamt píanóbekk. Upplýsingar í síma 456 3970, á kvöldin.

Móholt 9, á Ísafirði, sem er einbýlishús ásamt bílskúr er til sölu. Upplýsingar í síma 456 3629

Gul dúnlpa var tekin í misgripum í Sjallanum s.l. laugardagskvöld. Sá sem veit um úlpuna hafi samband í síma 456 4230 og í vs. 456 5280

Til sölu **reiðhjól fyrir 3-7 ára**. Upplýsingar í síma 456 7251

Til sölu **Combi Camp tjaldvagn**. Verð kr. 50 þúsund. Upplýsingar í síma 456 3392

Til sölu **Amiga 1200** heimilis-tölva. Hún er með innbyggðu turbo hröðunarkorti, 6 Mb RAM minni og 600 Mb hörðum disk. Ýmsir fylgihlutir, tilbúin fyrir Internetið. Upplýsingar í síma 456 4621, eftir kl. 19. Haukur.

Aðalfundur íþróttafélagsins Ívar verður haldinn á morgun, 12. júní, kl. 20:30 í íþróttahúsinu á Torfnesi, efri hæð. Venjuleg aðalfundarstörf og kaffiveitingar. Stjórnin.

Sendipjónusta Gulla! Gulli sendill óskar eftir að sendast fyrir fyrirtæki og einstaklinga á Ísafirði. Er með stóran vagn aftan í reiðhjól. Upplýsingar í síma 456 4184 eftir hádegi og 845 3626 á kvöldin.

Til sölu falleg VW bjalla árg. '76. Einnig nýleg Philco þvottavél, Philips ísskápur með sér frystihólfi, nýlegt rúm 1½ breidd, iðnaðarloftþessa, Sub-

aru '87, Chevrolet Van innréttaður m/ díselvél og Toyota Celica árg. '80. Upplýsingar í síma 456 3454

Fuglar ásamt búi fást gefins. Upplýsingar í síma 456 7892, eftir kl. 17.

Til sölu **nýr kanó með 2 árum**. Upplýsingar í síma 456 5055, eftir kl. 19. Kristján.

Til sölu **14" álfelgur** undir Nissan með glænýjum Low Profile sumar-dekkjum. Upplýsingar í síma 456

Til sölu **Sega Megadrive** leikjatölva, mjög lítið notuð, ásamt tveimur leikjum. Verð kr. 10 þúsund. Upplýsingar í síma 456 3392

Til sölu **Silvercross** barnavagn á kr. 10.000, bílstóll fyrir 0-9 mánaða á kr. 2.500, baðborð á kr. 3.500. Einnig fæst gefins góð svalakerra og rimlagardínur í nokkrum stærðum. Upplýsingar í síma 456 4254

Case grafa 680, árg. '82, án

heimili. Búr fylgir með. Upplýsingar í síma 456 4110

Óska eftir **2ja sæta sófa** eða svefnsofa, fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 4423

Tölf ára stelpa óskar eftir að **passa börn** hálfan daginn. Upplýsingar í síma 456 4118

Til sölu **Canon 240** litaprentari á kr. 12.000, Boomerang golfsett á kr. 35.000. Einnig Suzuki TS-50, tilboð óskast. Upplýsingar í síma 456 3421

Til sölu **lítið einbýlishús** að Tangagötu 21, sem 3ja herbergja á tveimur hæðum, 85,4m². Góður garður. Upplýsingar í síma 456 3881

Til sölu **Lada Sport** árg. '89, ekinn 73.500 km, nýleg 15" dekk. Þarfnast lagfæringar, selst ódyrt. Upplýsingar í síma 456 4552 eða 846 1733, Guðmundur.

Til sölu nýjar 15" álfelgur, fjögurra gata. Einnig hátalarahilla í Nissan Sunny GTI 2000 með tveimur bössum og fjórum hátölurum. Upplýsingar í síma 557 8173, eftir kl. 20.

Til sölu vel með farinn **kerruvagn**. Upplýsingar eru veittar í síma 456 5128

Óska eftir að kaupa notað **hjólhýsi**. Upplýsingar í síma 456 3528.

Til sölu grár **Silvercross barnavagn** ásamt Simo kerrupoka. Upplýsingar í síma 456 4430

Til sölu **Mitsubishi L-300**, árg. 1981. Upplýsingar í síma 456 7869.

KAUP & SALA ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

4675 eftir kl 18, eða í síma 894 0975.

Við erum 12 og 13 ára og okkur langar til að **passa börn í sumar** sem eru í kerru eða vagni. Upplýsingar í síma 456 3696, Erla Dögg og Inga Sigga.

Hann bröndóttur og hún kolsvört. Bæði 9 vikna og kassavön óska eftir framtíðarþúsetu hjá kattargóðu fólki. Upplýsingar í síma 456 4317

Göngufók - skokkarar! Til sölu á góðu verði ónotaðir Meindl Island goretex gönguskór nr. 8 og Misuno hlaupaskór nr. 42. Upplýsingar í síma 456 4181, eftir kl. 18.

Átta mánaðatík fæst gefins, skosk íslensk. Upplýsingar í síma 456 3286

framdrifs til sölu. Verð kr. 450 þúsund. Einnig KR baggatína árg. '89 á kr. 60 þúsund. Upplýsingar í síma 456 8195

Til sölu Alfa Romeo 4x4, árg. '86. Góður bíll, verð kr. 160 þúsund. Upplýsingar í síma 456 8173

Óska eftir notuðum **tjaldvagni**. Staðgreiðsla. Upplýsingar í síma 456 7424

Til leigu fjögurra herbergja kjallaraíbúð á besta stað á Eyrinni á Ísafirði. Laus nú þegar. Upplýsingar í síma 456 5905, á kvöldin.

Óska eftir notuðum ísskáp, sjónvarpi og rúmi í nothæfu ástandi. Upplýsingar í síma 896 6763

Tveir páfagaukar óska eftir góðu



Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Aðalfundir Íshúsfélags Ísafjarðar og Gunnvarar

Afkoma Íshúsfélagsins mun betri á fyrsta ársfjórðungi

Aðalfundir Íshúsfélags Ísafjarðar og Gunnvarar á Ísafirði voru haldnir í síðustu viku. 111 milljóna króna tap varð á rekstri Íshúsfélagsins á síðasta ári sem er heldur meira en varð árið þar á undan, en þá var tapið 93 milljónir króna.

Gunnvör er lokað fyrirtæki en að sögn Magnúsar Reynis Guðmundssonar, stjórnarformanns beggja fyrirtækjanna, er hagur Gunnvarar góður og gekk rekstur fyrirtækisins vel á síðasta ári eins og undanfarin ár.

Magnús segir að rekstur Íshúsfélagsins hafi verið mjög

erfiður á síðasta ári sem og undanfarin ár og þess vegna hafi verið gripið til sölu eigna. Eignarhlutur Íshúsfélagsins í ýmsum fyrirtækjum hefur verið seldur ásamt því að Framnes ÍS var selt Gunnvöru, sem reyndar á um 96% hlut í Íshúsfélaginu. Að sögn Magnúsar eru afkomutölur vegna fyrsta ársfjórðungs á þessu ári mun betri en verið hefur og rekur hann þann árangur til aðhaldsaðgerða og breyttra áherslna en fyrirtækið hefur m.a. einbeitt sér í auknum mæli að framleiðslu neytendapakninga. Hann segir að miklar

vonir hafi verið bundnar við vinnslu steinbíts en verkfallið hafi orðið þess valdandi að mun minna hafi borist að af steinbít en áætlanir gerðu ráð fyrir. Framtíð landvinnslunnar var til umræðu á aðalfundi Íshúsfélagsins og segir Magnús að menn hafi orðið sammála um að halda áfram rekstri eins og framast væri kostur.

Aðspurður um hvort hugmyndir væru uppi um sameiningu Íshúsfélagsins og Gunnvarar við hið nýja Hraðfrystihús hf., sem nú er annað stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum, sagði Magnús að eng-

ar viðræður væru í gangi þar að lútandi.

„Það hefur verið rætt um samvinnu þessara aðila. Við höfum áður rætt saman þ.e.a.s. fulltrúar Hraðfrystihússins í Hnífsdal og Íshúsfélagsins, um væntanlegt samstarf og ekki síst vegna þess að bæði fyrirtækin hafa verið að vinna bol-fisk. Fyrirtækin eru með bol-fiskvinnslu á tveimur stöðum og það mætti hugsa sér að vinnsla yrði á einum stað á meðan hráefni er takmarkað.“

Magnús segir að stjórn Gunnvarar hafi ákveðið að vinna að opnun fyrirtækisins á



Íshúsfélag Ísafjarðar hf.

þessu ári og að fjölga hluthöfum með það að markmiði að hægt verði að bjóða hlutabréf til sölu á frjálsum markaði. Einungis átta hluthafar eiga Gunnvöru en að sögn Magnúsar þurfa hluthafar að vera 20-25 til að bréf fyrirtækisins

verði gjaldgeng á Opna tilboðsmarkaðinum og 200 hluthafa þarf til að komast á Verðbréfaþing Íslands. Á Magnúsi mátti skilja að stefnan væri sett á Opna tilboðsmarkaðinn til að byrja með.

Íslistaverk á Ísafirði



Sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið leyfilegan heildarafla fyrir einstakar fisktegundir á næsta fiskveiðiári. Farið er eftir tillögum Hafrannsóknarstofnunar í flestu en þó er leyfð 45 þúsund tonna ýsuveiði, sem er 5 þúsund tonnum meira en Hafró lagði til. Einnig er úthafsbrækjukvóti meiri en Hafró lagði til, eða 75 þúsund tonn í stað 70 þúsund tonna.

Eins og greint var frá í síðasta blaði verður þorskvótinn 218 þúsund tonn sem er 32 þúsund tonnum meiri kvóti en leyfður er á yfirstandandi fiskveiðiári. Úthafsbrækjukvóti hækkar um 15 þúsund tonn, afli af ýsu, karfa, steinbít og humri stendur í stað, en leyfður síldarafl minnkar um 10 þúsund tonn og ufsaafli um 20 þúsund tonn. Talið er að ufsaafli á þessu

fiskveiðiári verði ekki mikið meiri en 30 þúsund tonn þrátt fyrir leyfðan afla upp á 50 þúsund tonn þannig að skerðing ufsakvóta mun lítil áhrif hafa á veiðarnar

Í frétt frá sjávarútvegsráðu-

Sjávarútvegsráðuneytið

Ákvörðun ráðherra í takt við tillögur Hafró

neytinu segir að á undanföllum árum hafi Íslendingar dregið úr veiði á grálúðustofninum, sem sé sameiginlegur með Grænlandinum og Færeyingum, í samræmi við tillögur fiskifræðinga enda dragi fáir í

efa að ástand stofnsins sé alvarlegt. Þar segir einnig:

„Á sama tíma hafa veiðar í lögsögu Færeyja og Grænlands verið óheftar og Grænlandingar hafa selt erlendum aðilum og þó einkum Evrópusambandinu

grálúðheimildir. Hefur grálúðuafl grannþjóða okkar farið vaxandi. Ísland hefur um alllangt skeið reynt að koma af stað samningum um grálúðuna en það hefur gengið illa. Næsti samningafundur er fyrirhugað-

Ísafjarðarbær

Unnið að uppbyggingu tjaldsvæða

Menningarnefnd Ísafjarðarbæjar hefur á þessu ári eina milljón til ráðstöfunar til uppbyggingar tjaldsvæða í sveitarfélaginu. Að sögn Þórunnar Gestsdóttur, aðstoðarmanns bæjarstjóra, er ætlunin að tjaldsvæðið á Þingeyri hafi forgang í sumar hvað varðar framkvæmdir, ásamt tjaldsvæðinu í Tungudal á Ísafirði.

Þórunn segir að á Þingeyri verði framkvæmdum við tjaldsvæðið við nýju íþróttamiðstöðina lokið, en þar verður m.a. gengið frá snyrtiaðstöðu og lögnum ásamt stæðum fyrir

húsbíla. Í Tungudal er einnig áætlað að koma upp aðstöðu fyrir húsbíla en Þórunn segir að auk þess þyrfti að bæta húsaðstöðu tjaldsvæðisgesta hvað varðar baðaðstöðu og fleira.

Hugmyndir eru uppi um að byggja tjaldsvæði á flugbrautinni í Suðureyri en Þórunn telur ekki líklegt að framkvæmdir við það hefjist á þessu ári.

Tjaldsvæðið á Flateyri eyðilagðist í snjóflóðinu árið 1995. Ákveðið hefur verið að bíða með uppbyggingu þess að svo komnu máli, að sögn Þórunnar.

ur í júlí n.k.“

Þjóðhagsstofnun hefur lagt mat á áhrif ákvörðunar sjávarútvegsráðherra um heildarafla fyrir næsta fiskveiðiári. Ef einungis er litið til þeirra tegunda sem ákvörðunin nú tekur til og loðnunn sleppt, felst í henni aukning um 3,4% í þorskígildum talið miðað við yfirstandandi fiskveiðiári. Ef líklegur loðnukvóti er tekinn með í reikninginn minnka veiðiheimildir í þorskígildum um 0,8% milli fiskveiðiára. Þjóðhagsstofnun áætlafrá framangreindrar ákvörðunar og lauslegrar áætlunar um afla af öðrum tegundum, að útflutningsframleiðsla sjávarafurða verði um 1½-2% meiri á árinu 1998 en áætlað er að hún verði í ár.